

## 150. löggjafarþing 2019–2020.

Þingskjal 1094 — 643. mál.

Stjórnartillaga.

Tillaga til þingsályktunar

um forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, ásamt áætlun fyrir

árin 2021–2025.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra, félags- og barnamálaráðherra og heilbrigðisráðherra að koma á skipulögðum forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Forvarnirnar verði samþættar kennslu og

skólastarfi á öllum skólastigum og eigi sér einnig stað á frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, í íþrótt- og æskulýðsstarfi og öðru tómsundastarfi. Alþingi ályktar að

unnið verði samkvæmt eftirfarandi framtíðarsýn og stefnumótandi aðgerðaáætlun fyrir árin 2021–2025 og að taka skuli mið af markmiðum hennar við gerð fjárlaga og fjármálaáætlun fyrir árin 2021–2025, sbr. lög um opinber fjármál, nr. **123/2015**.

I. FRAMTÍÐARSÝN OG MEGINMARKMIÐ.

Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni á hvergi að eiga sér stað í íslensku samfélagi. Þessi samfélagslegi vandi verði upprættur með samhentum átaki sem byggir á djúpstæðum skilningi á eðli og afleiðingum kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni. Með forvörnum er leitast við að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og

áreitni og draga úr þeim skaða sem slík háttsemi hefur á þolendur og aðstandendur þeirra.

Forvarnir til framtíðar skulu einnig fela í sér markviss viðbrögð við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og hegðun sem ýtir undir slíkt. Markviss viðbrögð taki einnig

til þeirra sem beita ofbeldi svo þeir axli ábyrgð á sínum gjörðum. Slíkt hefur forvarnagildi í sjálfu sér.

Auk þess að fyrirbyggja að börn og ungmenni verði fyrir kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni skal með forvörnum stuðlað að menningu virðingar og jafningjasamskipta þar sem ofbeldi og áreitni fær ekki þrífist. Börn og ungmenni eiga rétt á

öruggu umhverfi á heimili sínu jafnt sem í námi og tómsundum og stjórnvöld skulu gera

allt sem í þeirra valdi stendur til að tryggja það. Aðgerðir ályktunar þessarar skulu ná til allra barna og ungmenna í landinu og því skal þeim komið í farveg í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum. Framkvæmd áætlunarinnar taki í hvívetna mið af

☐ ☐ ☐

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitn...

Page 1 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

ólíkum þörfum og aðstæðum kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra barna og ungmenna, hinsegin barna og ungmenna og barna og ungmenna með annað móðurmál en íslensku.

Alþingi ályktar að forvarnir skuli byggjast á markvissri kennslu á öllum skólastigum í

samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Kennsla grundvallist á gagnreyndri þekkingu sem hæfir aldri og þroska nemenda. Inntak kennslunnar verði að meginstefnu til þrjúþætt:

1. Almennar forvarnir sem stuðli að sterkri sjálfsmynd og þekkingu á mörkum og markaleysi, þar á meðal í samskiptum kynjanna, samskiptum milli fullorðinna og barna og

í öðrum tilfellum þar sem valdamisræmi kann að vera fyrir hendi.

2. Fræðsla um kynheilbrigði og kynhegðun, einkum í grunnskólum og framhaldsskólum.

3. Opinská umfjöllun um eðli og birtingarmyndir kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni.

Sérstaklega verði tekið mið af stafrænum samskiptum og þeim breytingum sem hafa orðið – og kunna að verða – á birtingarmyndum kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og

áreitni. Börn og ungmenni verði jafnframt upplýst um hvert þau geta leitað ef þau verða fyrir eða fá vitneskju um ofbeldi og áreitni. Jafnframt verði fræðsla beint að starfsfólki allra

skólastiga sem tryggir þekkingu þeirra á fyrirbyggjandi aðgerðum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og viðbrögðum við hegðun og háttsemi sem ýtir undir slíkt.

Forvarnir og fræðsla eigi sér einnig stað í íþróttá- og æskulýðsstarfi og öðrum tómsfundum,

þar á meðal listkennslu, og í tómsfundastarfi og þjálfun sem er sérstaklega ætluð fötluðum

börnum og ungmennum.

Til framtíðar skal menntun fagstétta tryggja undirbúning starfsfólks sem starfar með börnum og ungmennum eða hefur samskipti við þau í störfum sínum til að mæta auknum

kröfum um forvarnir, fræðslu og viðbrögð við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

## II. AÐGERÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2021–2025.

Alþingi ályktar að í aðgerðaáætlun fyrir árin 2021–2025 verði lögð megináhersla á að efla

aldursmiðaða kennslu og forvarnir í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum, í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar. Til þess að draga úr kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og lágmarka skaðann af slíkri háttsemi skuli

unnið í samræmi við eftirfarandi sex þætti sem síðan eru greindir niður í ákveðnar aðgerðir:

A. Almennar aðgerðir.

B. Forvarnir í leikskólum.

C. Forvarnir í grunnskólum í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.

D. Forvarnir í framhaldsskólum.

E. Forvarnir í íþróttá- og æskulýðsstarfi og öðru tómsfundastarfi.

F. Eftirfylgni og mat á árangri.

### **A. Almennar aðgerðir.**

#### *A.1. Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

Innan Sambands íslenskra sveitarfélaga starfi forvarnafulltrúi sem hafi það hlutverk að

fylgja eftir aðgerðaáætlun þessari, svo sem nánar er tilgreint í einstaka aðgerðum.  
1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitn...  
Page 2 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

Fulltrúinn styðji við skólaskrifstofur sveitarfélaganna við miðlun fræðslu og forvarna gegn

kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, bæði í leikskólum og grunnskólum, ásamt

frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Fulltrúinn miðli einnig þekkingu og fræðslu til grunnskóla og leikskóla sem ekki heyra undir skólaskrifstofur sveitarfélaga, þar á meðal sjálfstæðra skóla. Fulltrúinn hafi jafnframt það hlutverk gagnvart framhaldsskólum að miðla þekkingu og styðja við framhaldsskóla við að efla kennslu og forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Þá safni forvarnafulltrúinn gögnum um árangur einstaka aðgerða.

– *Mælikvarði*: Forvarnafulltrúi hafi tekið til starfa á árinu 2021.

– *Kostnaðaráætlun*: 16 millj. kr. á ársgrundvelli, þar af eru 12–14 millj. kr. vegna launakostnaðar og annað vegna ferðakostnaðar.

– *Ábyrgðaraðili*: Samband íslenskra sveitarfélaga.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forsætisráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Jafnréttisstofa, Embætti landlæknis, samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs, Barnaverndarstofa, Menntamálastofnun, skólaskrifstofur sveitarfélaga, Umboðsmaður barna, fagfélög skólastjórnenda, kennarar og Grunnur – félag fræðslustjóra.

#### A.2. Skólaskrifstofur sveitarfélaga.

Skólaskrifstofur sveitarfélaga, með stuðningi frá forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, miðli þekkingu og veiti leikskólum og grunnskólum, ásamt frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum, stuðning til að tryggja að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verði samþættar skólastarfi, einkum í kennslu, og að starfsfólk hljóti fræðslu. Skólaskrifstofurnar tryggi að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verði markviss þáttur í skólastefnu sveitarfélaga og í forvarnastefnu hvers skóla fyrir sig. Skólaskrifstofurnar haldi utan um tölfræðiupplýsingar um fræðslu í sínu umdæmi og miðli upplýsingum um árangur til forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

– *Mælikvarði*: Allar skólaskrifstofur hafi miðlað þekkingu til leik- og grunnskóla á sínu svæði í lok árs 2024.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

– *Ábyrgðaraðili*: Skólaskrifstofur.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, leik- og grunnskólar, Barnaverndarstofa og félagsþjónusta sveitarfélaga.

#### A.3. Ritstjóri hjá Menntamálastofnun.

Innan Menntamálastofnunar starfi ritstjóri/verkefnastjóri í a.m.k. hálfu starfi sem hafi það að hlutverki að byggja upp þekkingu á námsefnisgerð sem styðji við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, þar á meðal á gerð námsefnis í jafnréttis- og

kynjafræðum. Verkefnastjórinn skal fylgja eftir þeim verkefnum sem Menntamálastofnun

eru falin samkvæmt aðgerðaáætlun þessari. Verkefnisstjórinn skal tryggja að nýtt námsefni

sé unnið í samráði við fræðafólk og frjáls félagasamtök til að tryggja að stuðst sé við faglega

þekkingu og reynslu af því að beina fræðslu til barna og ungmenna. Verkefnisstjórinn skal

starfa á meðan áætlunin er í gildi en stöðugildið verði endurskoðað í næstu aðgerðaáætlun

með tilliti til árangurs starfsins.

- *Mælikvarði*: Ritstjóri/verkefnastjóri hafi tekið til starfa á árinu 2021.
- *Kostnaðaráætlun*: 6 millj. kr. á ársgrundvelli vegna launa- og starfsmannakostnaðar.
- *Ábyrgðaraðili*: Menntamálastofnun.
- *Dæmi um samstarfsaðila*: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, forvarnafulltrúi 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitn...

Page 3 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

Sambands íslenskra sveitarfélags, Barnaverndarstofa (Barnahús), Jafnréttisstofa, Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu, háskólar og frjáls félagsamtök.

#### A.4. Netnámskeið fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum.

Útbúið verði gagnvirkt netnámskeið með grunnfræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum. Efnistöð byggir á efni

sem hefur verið unnið í tengslum við námskeiðið *Verndum þau* en höfundar þess eru sérfræðingar í Barnahúsi. Námskeiðið verði í fjórum útgáfum með eftirfarandi markhópa í

huga: 1) leikskóla, 2) yngri bekkir grunnskóla, ásamt frístundaheimilum og 3) eldri bekkir grunnskóla og félagsmiðstöðvum og 4) framhaldsskóla. Þá sé útbúið viðbótarefni sem beinist sérstaklega að fagaðilum sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum.

Byggt

verði á netnámskeiði í barnavernd sem útbúið var fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íþrótt og æskulýðsstarfi. Þó skal leggja megináherslu á eðli og afleiðingar kynferðislegs og

kynbundins ofbeldis og áreitni. Námskeiðið skal hanna með þeim hætti að stjórnendur geti

fylgst með að starfsfólk hafi lokið námskeiðinu og að Barnaverndarstofa fái sjálfkrafa upplýsingar um heildarfjölda þeirra sem taka námskeiðið.

- *Mælikvarði*: Netnámskeið séu tilbúin árið 2022.
- *Kostnaðaráætlun*: 4 millj. kr. á árinu 2021, 4 millj. kr. á árinu 2022 og 0,5 millj. kr. á árunum 2023–2025 til að tryggja eftirfylgni.
- *Ábyrgðaraðili*: Barnaverndarstofa (Barnahús).
- *Dæmi um samstarfsaðila*: Umboðsmaður barna, samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs, forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Æskulýðsvettvangurinn, Menntamálastofnun, Jafnréttisstofa, Barnaheill, Stígamót, Þroskahjálpi/ Átak – félag fólks með þroskahömlun, réttindagæslumaður fatlaðs fólks, Tabú, Fjölmeningarsetur og Samtökin 78.

#### A.5. Aðgengi að námsefni og fræðsluefni.

Náms- og fræðsluefni sem styður við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni í leik-, grunn- og framhaldsskólum verði aðgengilegt á einum stað og merkt sérstaklega í leitarbrunni á vefsvæði Menntamálastofnunar. Menntamálastofnun skal

setja faglegar kröfur sem slíkt efni þarf að uppfylla til að vera hýst á vefsvæði stofnunarinnar. Lögð verði áhersla á að efnið byggir á gagnreyndum aðferðum.

- *Mælikvarði*: Náms- og fræðsluefni sem styður við forvarnir gegn kynferðislegi og kynbundnu ofbeldi og áreitni sé merkt sérstaklega í leitarbrunni á vefsvæði Menntamálastofnunar árið 2021.
- *Kostnaðaráætlun*: 1,5 millj. kr. vegna vinnu við vef.
- *Ábyrgðaraðili*: Menntamálastofnun.
- *Dæmi um samstarfsaðila*: Barnaverndarstofa, Jafnréttisstofa, forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Embætti landlæknis og Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu.

#### A.6. Mat á áhrifum aðgengis barna og ungmenna að klámi.

Framkvæmt verði mat á áhrifum stafræns aðgengis barna og ungmenna að klámi á heilsu

þeirra og líðan. Matið verði notað til að gera tillögur að aðgerðum sem styðja við kynheilbrigði ungs fólks.

- *Mælikvarði*: Mat hafi verið framkvæmt og niðurstöður liggi fyrir við árslok 2021.
- *Kostnaðaráætlun*: 3 millj. kr. á árinu 2021.
- *Ábyrgðaraðili*: Heilbrigðisráðuneyti.

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitn...

Page 4 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

- *Dæmi um samstarfsaðila*: Félagsmálaráðuneytið, dómismálaráðuneytið, Jafnréttisstofa, Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu, Embætti landlæknis, SAFT, Samtökin 78 og Stígamót.

#### A.7. Fræðsluáttak um vernd kynferðislegrar friðhelgi.

Ráðist verði í fræðsluáttak um kynferðislega friðhelgi, einkum um eðli og afleiðingar stafræns kynferðisofbeldis, samhliða aukinni kennslu innan grunn- og framhaldsskóla.

Líta

skal til þeirra breytinga sem hafa orðið á birtingarmyndum kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni með tilkomu stafrænnar tækni og einnig refsíákvæða laga hvað

varðar

slík brot.

- *Mælikvarði*: Fræðsluáttak hafi verið gert fyrir árslok 2024.
- *Kostnaðaráætlun*: 1 millj. kr. árið 2023 og 1 millj. kr. árið 2024.
- *Ábyrgðaraðili*: Jafnréttisstofa.

- *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, SAFT, Kvenréttindafélag Íslands og Barnaverndarstofa.

### **B. Forvarnir í leikskólum.**

#### B.1. Fræðsla starfsfólks.

Starfsfólk leikskóla hljóti fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og forvarnir sem hæfa leikskólabörnum. Leikskólastjórar, með stuðningi frá

skólaskrifstofum

sveitarfélaga eftir því sem við á, beri ábyrgð á fræðslunni. Tryggt verði að allt starfsfólk hljóti lágmarksfræðslu í gegnum netnámskeið, sbr. aðgerð A.4. Skólaskrifstofur bjóði

upp á

frekari fræðslu og umræðu innan síns umdæmis og stjórnendur leikskóla nýti annað fræðsluefni til að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.

- *Mælikvarði*: 90% starfsfólks hafi lokið netnámskeiði fyrir lok árs 2025.

- *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

- *Ábyrgðaraðili*: Leikskólastjórar.

- *Dæmi um samstarfsaðila*: Skólaskrifstofur, forvarnafulltrúi Sambands íslenskra

sveitarfélaga, Félag stjórnenda leikskóla, Barnaverndarstofa og frjáls félagasamtök.

### *B.2. Þróun námsefnis fyrir leikskóla.*

Tryggt verði að leikskólar hafi aðgang að vönduðu námsefni sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og hentar leikskólabörnum á öllum aldri, sbr. grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Farið verði heildstætt

yfir kennslu- og fræðsluefni sem til er og það uppfært og endurútgefið eftir því sem við á.

Þá verði þróað nýtt, gagnvirkt efni sem hæfir aldri og þroska nemenda, sbr.

Þingsályktun

nr. 35/149 um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess.

Efnið skal byggt á gagnreyndri þekkingu og þekkingu af leikskólastarfi og sérstöðu leikskólastigsins. Sérstaklega verði tekið tillit til ólíkra þarfa og aðstæðna kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra barna, hinsegin barna og barna með annað móðurmál en íslensku. Þá verði tryggt að námsefnið taki mið af notkun barna á stafrænni tækni. Efninu fylgi greinargóðar leiðbeiningar til starfsfólks leikskóla um notkun

þess. Námsefnið verði aðgengilegt á vef Menntamálastofnunar og verði öllum opið og frjálst til notkunar.

– *Mælikvarði*: Nýtt námsefni fyrir leikskóla verði tilbúið fyrir árslok 2022.

– *Kostnaðaráætlun*: 2 millj. kr. á árinu 2021 og 3 millj. kr. á árinu 2022.

– *Ábyrgðaraðili*: Barnaverndarstofa/Barnahús.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitn...

Page 5 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

Menntamálastofnun, Jafnréttisstofa, Opinskátt um ofbeldi (Reykjavíkurborg), Fræðsla ekki

hræðsla, Þroskahjálp, Tabú og Fjölmenningssetur.

### *B.3. Velferð og öryggi barna í leikskólum.*

Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum verði uppfærð með tilliti til forvarna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Við uppfærsluna verði litið til varúðarráðstafana sem draga úr hættu á að kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni

eigi sér stað innan veggja leikskóla eða í tengslum við leikskólastarf, þar á meðal í ferðum á

vegum leikskóla. Sérstaklega verði hugað að þörfum og aðstæðum jaðarsettra hópa, svo sem fatlaðra barna og barna með annað móðurmál en íslensku.

– *Mælikvarði*: Handbókin hafi verið uppfærð árið 2025.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

– *Ábyrgðaraðili*: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Menntamálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Embætti landlæknis, Barnaverndarstofa, Þroskahjálp og Tabú.

### *B.4. Forvarnir í heilsugæslu.*

Þekking starfsfólks í heilsugæslu í ung- og smábarnavernd á merkjum um ofbeldi verði aukin. Í því skyni má nýtast við netnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla, sbr. aðgerð A.4. Samhliða verði því fylgt eftir að fræðsluefni um ofbeldi sé kynnt fyrir foreldrum í 4 ára skoðun.

- *Mælikvarði*: 90% starfsfólks í ung- og smábarnavernd hafi lokið netnámskeiði og fræðsluefni um ofbeldi sé kynnt fyrir öllum foreldrum í 4 ára skoðun.
- *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.
- *Ábyrgðaraðili*: Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu.
- *Dæmi um samstarfsaðila*: Heilbrigðisráðuneytið, Barnaverndarstofa, Embætti landlæknis og Barnaheill.

### **C. Forvarnir í grunnskólum í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.**

#### *C.1. Forvarnateymi grunnskóla.*

Í hverjum grunnskóla starfi teymi sem hafi það hlutverk að tryggja kennslu til allra árganga um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni sem hæfir aldri og þroska nemenda. Teymið verði kennurum og öðru starfsfólki til stuðnings og ráðgjafar varðandi

fræðslu og umræðu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og sjái einnig um að

tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks. Teymið skal jafnframt leitast við að tryggja samhæfð viðbrögð starfsfólks með tilliti til ólíkra hópa og ólíkra einstaklinga í tilfellum þar sem börn reyna að greina frá ofbeldi og áreitni. Sérstaklega verði horft eftir merkjum um slíkt í tengslum við umfjöllun sem tengist forvörnum gegn kynferðislegu og

kynbundnu ofbeldi og áreitni. Hvert teymi verði skipað með eftirfarandi hætti, þó eftir því

sem við á innan hvers skóla: stjórnanda, kennara með þekkingu á málaflokknum, skólahjúkrunarfræðingi, skólasálfræðingi, þroskaþjálfar/sérkennara eða öðrum aðila sem

ber ábyrgð á sérkennslu, námsráðgjafa, tengilið við frístundaheimili og/eða tengilið við félagsmiðstöð og tengilið við félagsþjónustu. Teymið verði jafnframt tengiliður við skólaskrifstofur sem sjá um að miðla þekkingu og fræðslu. Skólaskrifstofur skulu fylgja því

eftir að innan hvers skóla verði starfrækt slíkt teymi.

– *Mælikvarði*: Teymi verði starfrækt í hverjum grunnskóla fyrir árslok 2021.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitn...

Page 6 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

– *Ábyrgðaraðili*: Skólastjórar grunnskóla og skólaskrifstofur sveitarfélaga.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heilsugæslan.

#### *C.2. Fræðsla starfsfólks.*

Starfsfólk grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva hljóti fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og forvarnir sem hæfa grunnskólabörnum. Forvarnateymi, með stuðningi frá skólaskrifstofum sveitarfélaga eftir því sem við á, beri ábyrgð á fræðslunni. Tryggt verði að allt starfsfólk hljóti lágmarksfræðslu í gegnum netnámskeið, sbr. aðgerð A.4. Skólaskrifstofur bjóði upp á frekari fræðslu og umræðu innan

síns umdæmis og stjórnendur grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva nýti annað

faglegt og gagnreynt fræðsluefni til að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.

– *Mælikvarði*: 90% starfsfólks í grunnskóla hafi lokið netnámskeiði, sbr. aðgerð A.4, í

lok árs 2025.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

– *Ábyrgðaraðili*: Forvarnateymi grunnskóla.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Skólaskrifstofur, forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skólastjórafélag Íslands, Menntamálastofnun og frjáls félagasamtök.  
*C.3. Þróun og gerð námsefnis fyrir grunnskóla.*

Tryggt verði að grunnskólar hafi aðgang að vönduðu námsefni sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og hentar grunnskólabörnum á öllum aldri, sbr. grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Farið verði heildstætt yfir það náms- og fræðsluefni sem til er og það uppfært

og endurútfært eftir því sem við á. Þá verði nýtt gagnvirkt efni þróað sem byggir á gagnreyndri þekkingu og hæfir aldri og þroska nemenda og tekur mið af notkun barna á stafrænni tækni. Við námsefnisgerð verði tekið tillit til ólíkra þarfa og aðstæðna kynjanna

og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra barna, hinsegin barna og barna með

annað móðurmál en íslensku. Einkum verði lögð áhersla á námsefni sem fjallar með beinum og opinskáum hætti um eðli og afleiðingar kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni. Jafnframt verði útbúið vandað námsefni um kynheilbrigði og kynhegðun, sbr. þingsályktun nr. 35/149 um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Efninu fylgi greinargóðar leiðbeiningar til kennara og annars starfsfólks

um notkun efnisins. Námsefnið verði aðgengilegt á vef Menntamálastofnunar og verði öllum opið og frjálst til notkunar.

– *Mælikvarði*: Námsefni fyrir öll skólastig grunnskóla sé tilbúið fyrir árslok 2023.

– *Kostnaðaráætlun*: 3 millj. kr. árið 2021, 3 millj. kr. árið 2022 og 2 millj. kr. árið 2023.

Fjármagnið fer í höfundalaun, myndefni, prentun, kennsluleiðbeiningar, vefefni og hljóðbók.

– *Ábyrgðaraðili*: Menntamálastofnun.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndarstofa, Jafnréttisstofa, Umboðsmaður barna, Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu, Opinskátt um ofbeldi (Reykjavíkurborg), Embætti landlæknis, Barnaheill, Stígamót, Tabú, Fjölmenningarsetur, Samtökin 78 og Þroskahjálp.

*C.4. Þróun fræðsluefnis heilsugæslunnar*

Samhliða aðgerð C.3. verið farið heildstætt yfir fræðsluefni sem nýtt er af skólahjúkrunarfræðingum og stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitn...  
Page 7 of 30

<https://www.althingi.is/alttext/150/s/1094.html> 24.4.2020

ofbeldi og áreitni. Efnið verði uppfært eftir því sem við á og þróað verði nýtt fræðsluefni sem lýtur einkum að samskiptum, kynheilbrigði og kynhegðun, með hliðsjón af notkun barna og unglunga á stafrænni tækni. Tekið verði tillit til ólíkra þarfa og aðstæðna kynjanna

og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra barna, hinsegin barna og barna með

annað móðurmál en íslensku.

– *Mælikvarði*: Fræðsluefni skólahjúkrunarfræðinga hafi verið uppfært og nýtt efni þróað fyrir árslok 2021.



- *Kostnaðaráætlun*: 2 millj. kr. árið 2021.
- *Ábyrgðaraðili*: Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu.
- *Dæmi um samstarfsaðila*: Menntamálastofnun, forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndarstofa, Jafnréttisstofa, Opinskátt um ofbeldi (Reykjavíkurborg), Embætti landlæknis, Proskahjálp, Tabú og önnur frjáls félagasamtök.

#### *C.5. Forvarnir í félagsmiðstöðvum.*

Fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni verði beint til unglunga í gegnum félagsmiðstöðvar. Stígamótum verði falið að halda áfram fræðslu til starfsfólks félagsmiðstöðva sem fram hefur farið í tengslum við átakið Sjúk ást. Þannig verði fest í sessi

það fyrirkomulag að unglingar sem sækja árlegt ball SAMFÉS þurfi fyrst að fá fræðslu í gegnum félagsmiðstöð sína. Skoðað verði hvernig megi styðja með frekari hætti við forvarnastarf í félagsmiðstöðvum, einkum það sem beinist að því að þjálfa starfsfólk félagsmiðstöðva til að fjalla um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni, svo sem í gegnum Ofbeldisvarnaskólann.

- *Mælikvarði*: Allir unglingar sem sækja árlegt ball SAMFÉS hljóti fræðslu Sjúkrar ástar innan sinnar félagsmiðstöðvar.

- *Kostnaðaráætlun*: 2 millj. kr. á ársgrundvelli árin 2021–2025.

- *Ábyrgðaraðili*: Stígamót.

- *Dæmi um samstarfsaðila*: SAMFÉS, Ofbeldisvarnaskólinn, Opinskátt um ofbeldi (Reykjavíkurborg), Háskóli Íslands (Tómstunda- og félagsmálafræði), Samtökin 78, Fjölmenningarsetur, Tabú og forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

#### **D. Forvarnir í framhaldsskólum.**

##### *D.1. Forvarnir í tengslum við Heilsueflandi framhaldsskóla.*

Virkjað verði net tengiliða Heilsueflandi framhaldsskóla í skólum en meðal áhersluþátta heilsueflandi viðmiða eru jafnrétti og kynheilbrigði og öryggi. Tengiliðirnir, ásamt námsráðgjöfum, fái fræðslu og verkfæri til að stuðla að virkum forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem beinist einkum að nemendum, í samhengi við Heilsueflandi framhaldsskóla. Einnig verði hvatt til að hver skóli helgi ákveðinn tíma á skólaárinu til umfjöllunar um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni.

- *Mælikvarði*: Allir tengiliðir Heilsueflandi framhaldsskóla og námsráðgjafar fái upplýsingar sem stuðla að virkum forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

- *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

- *Ábyrgðaraðili*: Embætti landlæknis.

- *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jafnréttisstofa, Skólameistarafélag Íslands, Umboðsmaður barna og Heilsugæslan.

##### *D.2. Fræðsla starfsfólks.*

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni...

Page 8 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

Starfsfólk framhaldsskóla hljóti fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni

og forvarnir sem hæfa framhaldsskólanemum. Skólastjórnendur beri ábyrgð á fræðslunni

með stuðningi frá forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og í samstarfi við tengilið við Heilsueflandi framhaldsskóla og námsráðgjafa. Tryggt verði að allt starfsfólk

hljóti lágmarksfræðslu í gegnum netnámskeið, sbr. aðgerð A.4. Forvarnafulltrúi Sambands

Íslenskra sveitarfélaga bjóði upp á frekari fræðslu og umræðu og stjórnendur framhaldsskóla nýti annað fræðsluefni til að tryggja viðunandi þekkingu og þjálfun starfsfólks.

– *Mælikvarði*: 90% kennara og starfsfólks framhaldsskóla hafi lokið netnámskeiði fyrir lok árs 2025.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

– *Ábyrgðaraðili*: Skólameistarar framhaldsskóla.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga Skólameistarafélag Íslands, tengiliður við Heilsueflandi framhaldsskóla, Barnaverndarstofa

og frjáls félagasamtök.

#### *D.3. Þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla.*

Tryggt verði að framhaldsskólar hafi aðgang að vönduðu námsefni sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og hentar framhaldsskólanemendum á öllum aldri, sbr. grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Farið verði heildstætt yfir náms- og fræðsluefni sem til er og

mælt verði með uppfærslu og endurútgáfu þar sem það á við. Þá verði þróað nýtt gagnvirk efni sem byggir á gagnreyndri þekkingu og hæfir aldri og þroska nemenda og tekur mið af notkun framhaldsskólanema á stafrænni tækni. Sérstaklega verði tekið tillit til

ólíkra þarfa og aðstæðna kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra,

hinsegin fólks og þeirra sem eru með annað móðurmál en íslensku. Einkum verði lögð áhersla á námsefni sem fjallar með beinum og opinskáum hætti um eðli og afleiðingar kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni. Jafnframt verði útbúið vandað námsefni um kynheilbrigði og kynhegðun, sbr. þingsályktun nr. 35/149 um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Efninu fylgi greinargóðar leiðbeiningar til kennara og annars starfsfólks um notkun efnisins. Námsefnið verði aðgengilegt á vefsvæði Menntamálastofnunar og verði öllum opið og frjálst til notkunar.

– *Mælikvarði*: Nýtt námsefni fyrir framhaldsskóla verði tilbúið fyrir árslok 2022.

*Kostnaðaráætlun*: 3 millj. kr. árlega árin 2021 og 2022.

– *Ábyrgðaraðili*: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Menntamálastofnun, forvarnafulltrúi Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Barnaverndarstofa, Félag framhaldsskólakennara, Jafnréttisstofa, Stígamót,

Proskahjálp og Tabú.

#### *D.4. Námsefni fyrir starfsbrautir.*

Þróað verði gagnvirk námsefni um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni fyrir nemendur starfsbrauta. Efnið taki mið af námsefni, sbr. lið D.3, en verði hannað sérstaklega

með tilliti til þarfa nemenda á starfsbrautum og innihaldi greinargóðar

kennsluleiðbeiningar. Efnið verði í kjölfarið kynnt öllum framhaldsskólum sem halda úti námi á starfsbrautum og einnig vistað á vefsvæði Menntamálastofnunar.

– 202 3.	<i>Mælikvarði</i> : Nýtt námsefni fyrir nemendur á starfsbrautum sé tilbúið fyrir árslok
----------------	--

– *Kostnaðaráætlun*: 2 millj. kr. á árinu 2023.

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitn...

Page 9 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

– *Ábyrgðaraðili*: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Barnaverndarstofa, Félag framhaldsskólakennara, Jafnréttisstofa, Félag starfsbrautakennara, réttindagæslumaður fatlaðs fólks, Átak – félag

fólks með þroskahömlun, Þroskahjálp og Tabú.

*D.5. Efling kynjafræðikennslu.*

Staðið verði að kynningarátaki um gildi kynjafræðikennslu í framhaldsskólum og þar á meðal um gildi þess að gera kynjafræði að skyldufagi, sbr. 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. **10/2008**. Samhliða verði námsefni um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og um kynheilbrigði og kynhegðun kynnt fyrir framhaldsskólakennurum, sbr. tillögu D.3.

– *Mælikvarði*: Kynningarátak um gildi kynjafræðikennslu í framhaldsskólum hafi átt sér stað á árinu 2022.

– *Kostnaðaráætlun*: 1 millj. kr. á árinu 2022.

– *Ábyrgðaraðili*: Jafnréttisstofa.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Skólameistarafélag Íslands, Samband íslenskra framhaldsskólanema, menntavísindasvið háskólanna og Embætti landlæknis.

## **E. Forvarnir í íþrótt- og æskulýðsstarfi og öðru tómskundastarfi.**

*E.1. Fræðsla starfsfólks.*

Starfsfólk og sjálfboðaliðar íþrótt- og æskulýðsstarfs og annars tómskundastarfs hljóti fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og forvarnir sem hæfa iðkendum

og öðrum þátttakendum. Stjórnendur íþrótt- og æskulýðsfélaga og annarra tómskundafélaga og listkennslu beri ábyrgð á fræðslunni. Tryggt verði að allt starfsfólk og

sjálfboðaliðar hljóti lágmarksfræðslu í gegnum netnámskeið um barnavernd sem hannað

var fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf. Jafnframt verði hvatt til þess að íþrótt-, æskulýðs- og

tómskundafélög, auk listskóla, nýti sér annað faglegt og gagnrýnt fræðsluefni til að tryggja

þekkingu og þjálfun starfsfólks.

– *Mælikvarði*: 90% starfsfólks og sjálfboðaliða hafi lokið netnámskeiði um barnavernd fyrir árslok 2025.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

– *Ábyrgðaraðili*: Stjórnendur íþrótt-, æskulýðs- og annarra tómskundafélaga og listkennslu.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsfélaga, Barnaverndarstofa, Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, UMFÍ, Æskulýðsvettvangurinn og fagfélög listakennara.

## *E.2. Fræðsla fagaðila, sjálfboðaliða og annarra sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum.*

Fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni verði beint sérstaklega að fagaðilum, sjálfboðaliðum og öðrum sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum, þar á meðal innan heilbrigðiskerfisins, íþróttafélaga, í ferðapjónustu fatlaðs fólks og á heimilum og í skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni. Sérstaklega sé fræðslu beint

til sjúkrapjálfa og iðjupjálfa, íþróttapjálfa og sjálfboðaliða og til starfsfólks á skammtímadvalarheimilum fyrir fötluð börn. Stjórnendur félaga og stofnana, með stuðningi frá forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, beri ábyrgð á fræðslunni.

Tryggt verði að allt starfsfólk hljóti lágmarksfræðslu í gegnum netnámskeið, sbr. aðgerð 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 10 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

A4, með áherslu á viðeigandi aldurshóp og viðbótarfræðslu sem fjallar með ítarlegri hætti

um eðli og afleiðingar ofbeldis og áreitni gegn fötluðum börnum.

– *Mælikvarði*: 90% fagaðila, sjálfboðaliða og annarra sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum innan skipulagðra félaga eða stofnana hafi lokið netnámskeiði fyrir lok árs

2025.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

– *Ábyrgðaraðili*: Stjórnendur félaga og stofnana.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þroskahjálp, Öryrkjabandalag Íslands, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Tabú, Æfingastöðin, Íþróttasamband fatlaðra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Barnaverndarstofa.

## **F. Eftirfylgni og mat á árangri.**

### *F.1. Vöktun upplýsinga.*

Fylgst verði með niðurstöðum kannana sem mæla umfang kynferðislegs ofbeldis og áreitni gegn börnum og ungmennum, svo sem frá Rannsóknum & greiningu.

Upplýsingarnar verði nýttar til að varpa ljósi á árangur þessarar áætlunar. Auk þess verði

horft eftir vísbendingum um fjölda barna og ungmenna sem greina frá slíku ofbeldi og sérstaklega skal leitast við að greina tíðni og eðli ofbeldis og áreitni sem beinist að fötluðum

börnum og ungmennum. Haft verði í huga að tölur geta hækkað þegar aukin meðvitund verður um ofbeldi.

– *Mælikvarði*: Árlega verði greindar upplýsingar sem varpa ljósi á umfang ofbeldis og áreitni og fjölda barna og ungmenna sem greina frá slíku.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

– *Ábyrgðaraðili*: Barnaverndarstofa (Miðstöð um ofbeldi gegn börnum).

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Rannsóknir & greining, félagsþjónustan, heilsugæslan, forvarnafulltrúi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs, Embætti landlæknis, Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu.

## *F.2. Mat á árangri einstakra aðgerða.*

Árlega verði gerð samantekt yfir stöðu á öllum mælikvörðum sem fram koma í ályktun þessari og hún kynnt samhæfingarhópi, sbr. aðgerð F3, ásamt yfirliti yfir störf forvarnafulltrúa. Forvarnafulltrúi skili einnig heildstæðri samantekt til forsætisráðuneytisins í tengslum við mótun nýrrar aðgerðaáætlunar fyrir árin 2026–2030.

Tekið verði mið af áætlun þessari við gerð stefnumarkandi landsáætlunar um framfylgd samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi

(Istanbul-samningsins) frá 2011.

– *Mælikvarði*: Árlegt yfirlit yfir alla mælikvarða og störf forvarnafulltrúa kynnt fyrir samhæfingarhópi.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

– *Ábyrgð*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forsætisráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið og allir ábyrgðaraðilar fyrir einstaka aðgerðum.

## *F.3. Eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd.*

Forsætisráðuneytið beri ábyrgð á samþæfingu vegna framkvæmdar þessarar áætlunar og

eftirfylgni með henni. Ráðuneytið og forvarnafulltrúinn vinni í sameiningu drög að nýrri 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 11 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030. Forsætisráðuneytið kalli saman alla aðila sem bera

meginábyrgð á aðgerðum samkvæmt áætluninni, þar sem því verður við komið, a.m.k.

einu sinni á ári og oftast ef þurfa þykir. Sá hópur verði forvarnafulltrúanum til stuðnings og

ráðgjafar og leggi mat á árangur aðgerðaáætlunarinnar. Þá fái hópurinn tillögu að nýrri aðgerðaáætlun til umsagnar.

– *Mælikvarði*: Að aðgerðaáætlunin sé komin að fullu til framkvæmda í lok árs 2025.

– *Kostnaðaráætlun*: Innan ramma.

– *Ábyrgð*: Forsætisráðuneytið.

– *Dæmi um samstarfsaðila*: Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið og ábyrgðaraðilar fyrir einstaka aðgerðum.

## III. ENDURSKOÐUN AÐGERÐAÁÆTLUNARINNAR.

Forsætisráðherra leggi aðgerðaáætlun fyrir árin 2026–2030 fyrir Alþingi eigi síðar en á lögjafarþingi 2024–2025. Sú áætlun verði unnin af forsætisráðuneytinu í samstarfi við forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og í samráði við

heilbrigðisráðuneytið,

félagsmálaráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið og eftir atvikum aðra sem

bera ábyrgð á framkvæmd einstaka aðgerða. Áætlunin verði unnin í samræmi við markmið

þessarar þingsályktunar og skal byggð á eftirfylgni með þeirri aðgerðaáætlun sem hér er kveðið á um.

Greinargerð.

Forsætisráðherra leggur tillögu þessa til þingsályktunar fram og ber á henni stjórnarsýslulega ábyrgð. Hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir og samtök bera ábyrgð á framkvæmd hennar eftir því sem við á.

I. FORSAGA.

Á undanförunum árum hefur meðvitund um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni aukist til muna í íslensku samfélagi, meðal annars fyrir tilstilli frjálsra félagasamtaka, fræðilegra rannsókna og samfélagsbýltinga á borð við #églíka eða #metoo

og #höfumhátt. Stjórnvöld hafa gripið til margvíslegra aðgerða með það að markmiði að sporna gegn slíku ofbeldi sem og að bregðast við afleiðingum þess. Í þessu samhengi má nefna aðgerðir sem lúta að málsmeðferð kynferðisbrota í réttarvörslukerfinu, þingsályktun

um áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum sem fram fór á árunum 2012–2015 og stefnumótun um kynferðislega friðhelgi (stafrænt kynferðisofbeldi). Þrátt fyrir viðamikil starf hefur aldrei verið mótuð heildstæð stefna um

forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Fjölmargir starfshópar hafa

þó kallað eftir því auk þess sem ríkar kröfur hvíla á íslenskum stjórnvöldum vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem nánar verður fjallað um í III. kafla þessarar greinargerðar. Í

lögum er líka víða kveðið á um forvarnir. Má þar nefna að eitt af markmiðum laga um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla, nr. **10/2008**, er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi

og að samkvæmt *Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*, sem fullgiltur var á Íslandi árið 1992 og lögfestur árið 2013, ber stjórnvöldum að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði félags- og menntunarmála, til að vernda börn gegn hvers kyns ofbeldi, þar á meðal kynferðislegri misnotkun.

Í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins skipaði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 12 of 30

<https://www.althingi.is/alttext/150/s/1094.html> 24.4.2020

stýrihóp um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi í upphafi árs 2018

undir forystu Höllu Gunnarsdóttur, ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum, og Svölu

Ísfeld Ólafsdóttur, sérfræðings í dómsmálaráðuneytinu. Í hópnum eiga jafnframt sæti Jóna

Pálsdóttir, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Rósa Guðrún Erlingsdóttir, fulltrúi forsætisráðuneytis (áður fulltrúi velferðarráðuneytis), Axel Nikulásson, fulltrúi

utanríkisráðuneytis, Ásthildur Knútsdóttir, fulltrúi heilbrigðisráðuneytis (áður átti Sveinn

Magnússon sæti í hópnum fyrir hönd velferðarráðuneytis) og Lovísa Lilliendahl, fulltrúi félagsmálaráðuneytis. Meginhlutverk hópsins er að beita sér fyrir framsæknum og samhæfðum aðgerðum stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi og kynferðislegri og kynbundinni áreitni og að Ísland sé í fremstu röð í baráttunni gegn hvers kyns ofbeldi. Meðal verkefna hópsins er að móta stefnu gegn stafrænu ofbeldi, leggja til leiðir til að styrkja réttarstöðu brotaþola í kynferðisbrotamálum, gera tillögu um samræmd viðbrögð

stjórnvalda við #églíka (#metoo)-hreyfingunni og að vinna að heildartillögum er varðar forvarnir og fræðslu gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Stýrihópurinn lagði til skipan sérstakrar ráðgefandi nefndar um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu í því skyni að tryggja aðkomu stofnana sem gegna þýðingarmiklu hlutverki í forvarnamálum og standa fyrir viðtæku samráði við stofnanir, fræðafólk og félagasamtök

sem koma að forvarna- og fræðslumálum. Í nefndinni áttu sæti: Halla Gunnarsdóttir, ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum (formaður), Jóna Pálsdóttir, fulltrúi mennta- og

menningarmálaráðuneytis (varaformaður), Lovísa Lilliendahl, fulltrúi félagsmálaráðuneytis, Jenný Ingudóttir, fulltrúi Embættis landlæknis, Valgerður Rún Benediktsdóttir, fulltrúi Menntamálastofnunar, Katrín Björg Ríkarðsdóttir, fulltrúi Jafnréttisstofu, Þorbjörg Sveinsdóttir, fulltrúi Barnaverndarstofu/Barnahúss, Emil Lárus Sigurðsson, fulltrúi Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu, Heiða Björg Hilmisdóttir,

fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Ása Ólafsdóttir, fulltrúi Íþróttá- og ólympíusambands Íslands. Ástþóra Kristinsdóttir, varamaður Emils Lárusar Sigurðssonar,

tók sæti hans í nefndinni og að auki vann Ása Sjöfn Lórensdóttir, fagstjóri heilsuverndar skólabarna, með nefndinni. Starfsmaður nefndarinnar var Rósa Guðrún Erlingsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu jafnréttismála í forsætisráðuneytinu. Vinna nefndarinnar fór fram

með reglulegum fundum, lokuðum samráðsfundum með fræðafólki, frjálsum félagasamtökum og fulltrúum stofnana og opnu málþingi sem haldið var í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um forvarnir og fræðslu meðal barna og ungmenna. Nefndin skilaði tillögum sínum til stýrihóps forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að

því er varðar kynferðislegt ofbeldi í janúar 2020 og í framhaldinu til ráðherranefndar um

jafnréttismál. Byggir þessi þingsályktunartillaga á tillögum nefndarinnar.

Drög að þessari tillögu voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda 5. febrúar sl. og gefinn umsagnarfræstur til 24. febrúar (mál 25/2020). Alls bárust tólf umsagnir og almennt lýstu

umsagnaraðilar ánægju með stefnuþrógin og aðgerðaáætlunina. Í kjölfar samráðsins voru

gerðar nokkrar breytingar á tillögunni. Einkum lutu þær að því að styrkja þætti sem lúta að

forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni sem beinist að fötluðum börnum og ungmennum og gera nánar grein fyrir ólíkum birtingarmyndum sem slíkt ofbeldi getur haft. Einnig var að ábendingu Barnaverndarstofu gert ráð fyrir að tvískipta netnámskeiði fyrir starfsfólk grunnskóla enda grunnskólanemendur á breiðu aldursbili. Þá

var áréttað mikilvægi jafnréttis- og kynjafræðikennslu í sambandi við forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Í samráðsgátt er gerð nánari grein fyrir efnisatriðum umsagna og viðbrögðum við þeim.

## II. FRAMTÍÐARSÝN OG MARKMIÐ.

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 13 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

### *Framtíðarsýn.*

Í tillögunni er sett fram sú framtíðarsýn að kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni eigi sér hvergi stað í íslensku samfélagi. Vísað er til þess að ofbeldi og áreitni er samfélagslegur vandi og því þarf að uppræta þá þætti í samfélagsgerðinni sem leyfa slíku

ofbeldi að viðgangast. Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi er bæði orsök og afleiðing annars kynjamisréttis og verður aðeins upprætt með samhentum átaki sem byggir á djúpstæðum skilningi á eðli og afleiðingum slíks ofbeldis. Öflug forvarnastefna er lykilþáttur í þeirri vegferð. Með forvörnum er leitast við að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni en einnig að draga úr þeim skaða sem slík háttsemi hefur á þolendur og aðstandendur þeirra. Markviss viðbrögð við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni – og hegðun sem ýtir undir slíkt – er liður í forvörnum til framtíðar. Þannig er ekki aðeins nægjanlegt að fjalla um ofbeldi og áreitni heldur þarf einnig að ýta undir samskipti virðingar og jafnréttis fólks í milli. Markviss viðbrögð þurfa jafnframt að taka til þeirra sem beita ofbeldi svo þeir axli ábyrgð á sínum gjörðum, sem hefur forvarnagildi í sjálfu sér.

### *Markmið og afmörkun.*

Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni getur átt sér stað í öllum lögum samfélagsins, innan sem utan heimila og vinnustaða. Með þingsályktunartillögunni er lagt

til að beina forvörnum einkum og sér í lagi að börnum og ungmennum með það að markmiði að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og byggja upp samfélag jafnréttis og virðingar til framtíðar. Samhliða er markmiðið að draga úr þeim skaða sem slík háttsemi hefur á þolendur og aðstandendur þeirra. Í því skyni að ná til allra

barna er megináhersla lögð á að beina forvörnum í gegnum grunnskóla, þar sem öll börn

eru, en einnig í gegnum önnur skólastig, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, íþrótt- og æskulýðsstarf og annað tómsundastarf. Vísast hér meðal annars til 23. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. **10/2008**, sem fjallar um menntun og skólastarf.

Byggir þessi áætlun því á sambærilegri hugsun og bjó að baki Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum en hún átti rót í samningi Evrópuráðsins um varnir gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun



á

börnum (Lanzarote-samningnum).

Fulls samræmis hefur verið gætt við áætlun fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess sem samþykkt var af Alþingi í júní 2019 en sú áætlun var unnin á grundvelli samstarfsyfirlýsingar fjögurra ráðherra og viðamikils samráðs, bæði

á landsvísu og innan svæða, milli félagsþjónustu, barnaverndaryfirvalda, mennta- og heilbrigðiskerfis, lögreglu og ákærvalds. Tryggt hefur verið að þessi stefnumótun sé í takti

við þingsályktun um framkvæmdaáætlun í barnavernd sem samþykkt var á Alþingi vorið

2019 og samstarf félags- og barnamálaráðherra, dómsmálaráðherra, heilbrigðisráðherra og

mennta- og menningarmálaráðherra um breytingar í þágu barna. Þá hafa tillögurnar verið

mótaðar með hliðsjón af lögum um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, nr. **45/2019**, og af tillögum starfshóps á vegum mennta- og menningarmálaráðherra um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi sem settur var á laggirnar í kjölfar frásagna íþróttakvenna í tengslum við #metoo-bylgjuna. Í ljósi þess að lagt er til að beina forvörnum einkum í gegnum skóla hefur einnig verið gætt að samræmi við grunnþætti menntunar á öllum skólastigum. Tveir grunnþættir tengjast sérstaklega vinnu nefndarinnar og eru það þættir um jafnrétti annars vegar og heilbrigði og velferð hins vegar. Í grunnþætti um jafnrétti er lögð áhersla á að hugmyndir

um jafnrétti kynjanna beri skaða af ofbeldiskenndum undirtónum kláms og í grunnþætti 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 14 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

um heilbrigði og velferð er sérstaklega komið inn á mikilvægi þess að fjalla um kynferðislegt ofbeldi og klám auk þess sem ætlast er til þess að grunnskólar setji sér forvarnaáætlun sem tekur meðal annars til ofbeldis.

Þingsályktunartillaga þessi er einnig í samræmi við þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023 sem samþykkt var á Alþingi í

desember 2019 en í henni er m.a. kveðið á um gerð landsáætlunar um framfylgd samnings

Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúlsamningsins), sjá nánari umfjöllun í III. kafla greinargerðar. Aðgerðaáætlunin sem fylgir

þingsályktunartillögu þessari er jafnframt hugsuð sem hluti landsáætlunar um framfylgd

samningsins.

Vert er að geta þess að á vettvangi félagsmálaráðuneytisins fer nú fram vinna aðgerðahóps, skipaður fulltrúum margra hagsmunaaðila, um vinnu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Verkefni hópsins er

meðal annars að koma á fót og fylgja eftir aðgerðum á vinnumarkaði sem miða að því að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Gert er ráð fyrir að aðgerðahópurinn vinni að nánari útfærslu á einstaka verkefnum hópsins og líti í því sambandi meðal annars til aðgerða annarra ríkja hvað þetta varðar. Jafnframt er gert ráð fyrir að aðgerðahópurinn miði aðgerðir sínar við niðurstöður skýrslunnar *Valdbeiting á vinnustað – rannsókn á algengi og eðli eineltis og áreitni á íslenskum*

*vinnumarkaði* (2019) sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands fyrir félagsmálaráðuneytið. Í þessari þingsályktunartillögu er því ekki fjallað sérstaklega um vinnumarkað. Þá er aðeins að takmörkuðu leyti fjallað um fræðslu sem beinist að samfélaginu almennt. Vafi leikur á um árangur slíkra fræðsluherferða nema þá að markmiðið með þeim sé afar skýrt og tengist til dæmis nýju verklagi eða þjónustu og framkvæmdin sé í samræmi við það. Í þessari tillögu er þó gerð ein undantekning er lýtur

að kynferðislegri friðhelgi eða stafrænu kynferðisofbeldi en þar er lagt til að ráðast í fræðsluáttak. Er það gert með vísan til nýrra birtingarmynda sem kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni hefur tekið á sig í samhengi við stafræna tækni, sbr. aðgerð A.7. Í greinargerð Maríu Rúnar Bjarnadóttur, doktorsnema við Háskólann í Sussex – sem unnin var að beiðni stýrihóps um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi og undir yfirskriftinni *Kynferðislegt friðhelgi: Umfjöllun um réttarvernd og ábendingar*

*til úrbóta* (2020) – er lagt til að beina fræðslu og forvörnum að almenningi. Vísast þar meðal

annars til umræðu um mögulegar lagabreytingar og einnig til mikilvægis þess að fjalla um

refsinæmi slíkra brota þar sem vísbendingar eru um að ungt fólk – og stundum fullorðið fólk – sé ekki nægilega meðvitað hvað það varðar. Við endurskoðun aðgerðaáætlunar þessarar mætti taka til skoðunar hvort fleiri almennar forvarnaaðgerðir ættu ef til vill rétt á

sér, til að mynda í samhengi við heimilisofbeldi og við vændi og mansal, og þá í ljósi árangurs átaksins sem kveðið er á um í aðgerð A.7.

*Inntak forvarna.*

Aðgerðaáætlunin sem hér er sett fram er lykilþáttur í þeirri vegferð stjórnvalda að uppræta þann samfélagslega vanda sem kynferðislegt og kynbundið ofbeldi er í íslensku samfélagi. Með forvörnum sem eru samþættar kennslu og starfi á öllum skólastigum, innan

frístundaheimila og félagsmiðstöðva, íþrótt- og æskulýðsstarfs og í öðru tómstundarstarfi

er leitast við að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og einnig að draga úr þeim skaða sem slík háttsemi hefur á þolendur og aðstandendur þeirra. Slíkar forvarnir eru fyrirbyggjandi aðgerð sem ætlað er að auka umræðu og vitund ungmenna um

skaðsemi kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og þau úrræði sem eru í boði hverju sinni.

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

Mikilvægt er að mennta börn og ungmenni um heilbrigða kynhegðun, svo sem um mörk, stafrænt kynferðislegt ofbeldi, kynferðislega friðhelgi einstaklinga, samþykki og fleira.

Að meginstefnu til er nálgunin á forvarnir þrjúþætt: 1) almennar forvarnir sem stuðla að sterkri sjálfsmynd og þekkingu á mörkum og markaleysi, þar á meðal í samskiptum kynjanna, samskiptum milli fullorðinna og barna og í öðrum tilfellum þar sem valdamisræmi kann að vera fyrir hendi; 2) efling kennsla um kynheilbrigði og kynhegðun, einkum í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum; og 3) opinská umfjöllun um eðli og

birtingarmyndir kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni, þ.m.t. í samskiptum einstaklinga á milli með stafrænni tækni. Hvað fyrsta liðinn varðar má vísa til fjölmargra verkefna sem þegar eru í vinnslu. Þar má nefna verkefni sem tengjast eineltisforvörnum og

geðrækt í skólum, sem og heilsuefandi leik-, grunn- og framhaldsskóla, á vegum Embættis

landlæknis sem er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsuefningu í starfi sínu. Í

því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og

vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag.

Í tengslum við geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til ársins 2020 sem samþykkt var á Alþingi í apríl 2016 hefur farið fram greining á stöðu geðræktar í skólum. Í

nýlegri skýrslu undir yfirskriftinni *Innleiðing geðræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og*

*ungmenni í skólum á Íslandi* eru settar fram tillögur í átta liðum sem margar eiga samleið með forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Þar má nefna aukna

áherslu á félags- og tilfinningafærni og að fólk sem starfi með börnum hafi þekkingu og færni sem lýtur að hegðun, líðan og samskiptum. Þá er fjallað um skólatengsl og samstarf

við foreldra og um mikilvægi þess að nemendur myndi traust tengsl við a.m.k. einn starfsmann í skólanum en slíkt traust getur verið afar mikilvægt fyrir börn og ungmenni sem hafa orðið fyrir kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Mikilvægt er að þessar

tillögur nái fram að ganga. Jafnframt skal vakin athygli á samevrópska verkefningu UPRIGHT en nú er unnið að innleiðingu þess í sex grunnskólum undir verkstjórn Önnu Sigríðar Ólafsdóttur, prófessors við deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þá er vert að vekja athygli á mikilvægi þess starfs sem

Umboðsmaður barna, sveitarfélög og frjáls félagasamtök á borð við UNICEF hafa unnið og

miðar að því að efla þekkingu barna á réttindum sínum, einkum Barnasáttmálanum. Allir

þessir þættir styðja við almennar forvarnir sem stuðla að sterkri sjálfsmynd og skilningi

á

eigin mörkum og annarra. Loks ber að líta til tilraunaverkefnis Reykjavíkurborgar undir yfirskriftinni *Opinskátt um ofbeldi* þar sem markmiðið er að auka þekkingu barna á ofbeldi

og gera þau fær um að ræða það opinskátt og taka afstöðu gegn því. Í tenglum við verkefnið hefur verið þróað stuðningsefni fyrir starfsfólk leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila og mikilvægt er að nýta þá þekkingu í tengslum við framkvæmd þessarar

aðgerðaáætlunar.

Í þessari þingsályktunartillögu er einkum lögð áhersla á forvarnir sem með beinum hætti

fjalla um eðli og birtingarmyndir kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni en einnig

um bætta kennslu um kynheilbrigði og kynhegðun, í samræmi við þingsályktun um áætlun

fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Þó er rétt að taka fram

að allar þær forvarnir sem hér er kveðið á um eru einnig mikilvægar sem forvarnir gegn misnotkun vímuefna, sjálfskaðahegðun, einelti, ofbeldi o.s.frv.

*Um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni.*

Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni er veruleg ógn við líf og heilsu barna og ungmenna á Íslandi. Samkvæmt tölfræði Evrópuráðsins verða eitt af hverjum fimm börnum fyrir kynferðislegu ofbeldi í einhverri mynd. Nýleg tölfræði sem UNICEF tók 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 16 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

saman í skýrslunni *Staða barna á Íslandi: ný tölfræði um þróun ofbeldis gegn börnum á Íslandi*

(2019) sýnir að ríflega 16% barna svara því til að þau hafi orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára aldur. Í 9.–10. bekk hafa 8% stúlkna og 4% drengja orðið

fyrir kynferðisofbeldi af hálfu einstaklings sem ekki er fullorðinn. Skýrslan byggir á gögnum frá Rannsóknnum & greiningu og frá Stígamótum sem veita fullorðnum þolendum

kynferðisofbeldis þjónustu. Samkvæmt lýðheilsuvísunum frá 2019 hafa 15,5% framhaldsskólanema orðið fyrir kynferðisofbeldi en tölurnar koma frá fyrirlögn Rannsókna

& greininga frá árinu 2018. Samkvæmt tölfræði frá Stígamótum urðu langflestir skjólstæðingar þeirra fyrir ofbeldinu sem börn, eða fyrir 18 ára aldur. Þá er vert að vekja

athygli á nýrri rannsókn Drífu Jónasdóttur, afbrotafræðings og verkefnastýru í Kvennaathvarfinu, sem unnin er upp úr gögnum Landspítalans og sýnir meðal annars að annan hvern dag leitar kona til spítalans með áverka vegna heimilisofbeldis.

Kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni geta haft alvarleg og neikvæð skammtímaog langtímaáhrif á líf brotþola og vísbendingar eru um enn alvarlegri afleiðingar fyrir

einstaklinga sem upplifa ofbeldi á barnsaldri. Það er því þjóðfélagslega brýnt að bæta forvarnir og fræðslu með það að markmiði að fyrirbyggja kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og draga úr skaðsemi þess.

Forvarnir eru ekki aðeins mikilvægar til að fyrirbyggja ofbeldi heldur einnig til að tryggja

að þolendur geti leitað sér aðstoðar og að gerendur þurfi að axla ábyrgð á gjörðum sínum. Í

þessu samhengi er vert að áréttta að kynferðislegt og kynbundið ofbeldi þrífst oft í þögn en

samkvæmt ársskýrslum Stígamóta reyna allt að 40% ofbeldismanna að tryggja þögn brotþola, til dæmis með hótunum, ofbeldi, mútum eða með því að kenna þolanda um.

Ofbeldismenn taka sér oft skilgreiningarvald yfir því hvað hefur átt sér stað og forvarnir og

fræðsla eru mikilvægur þáttur í að láta þeim slíkt vald ekki einum eftir. Þá leiða gögn Stígamóta í ljós að oft líður talsvert langur tími frá því að ofbeldi er framið þar til

þolandi

leitar sér aðstoðar. Rímar þetta við upplýsingar frá lögreglu þar sem brot eru oft ekki kærð

fyrir en nokkuð er liðið frá verknaðinum, sem flækir öflun sönnunargagna. Leiða má líkum

að því að stytting á þessum tíma sé til mikilla hagsbóta, bæði fyrir þolendur, sem fá þá aðstoð fyrir og losna e.t.v. úr vítahring ofbeldis, og fyrir samfélagið þar sem meiri líkur eru

á að gerendur þurfi að axla ábyrgð á gjörðum sínum. Þá hefur það forvarnagildi í sjálfu sér

að rjúfa þögnina þar sem ofbeldismenn eru þá ólíklegri til að geta haldið áfram að beita ofbeldi í skjóli þagnar.

*Leiðarljós við framkvæmd áætlunarinnar.*

Við framkvæmd þessarar áætlunar skal í hvívetna tekið mið af kynjuðum veruleika ofbeldis og áreitni. Konur eru í meirihluta þolenda og karlar í miklum meirihluta gerenda.

Umfjöllun þarf að taka mið af því og fjalla m.a. um tengslin milli kynmótunar og kynbundins ofbeldis. Þó skal ætíð gæta að því að ofbeldi og áreitni getur beinst gegn einstaklingum af öllum kynjum og gerendur geta jafnframt verið af öllum kynjum.

Birtingarmyndir ofbeldis geta verið með ýmsu móti. Nauðganir, heimilisofbeldi, sífjaspell

og kynferðisleg og kynbundin áreitni falla hér undir. Einnig má nefna myndrænt og stafrænt kynferðisofbeldi (þar á meðal hótanir um dreifingu slíks efnis). Vændi og mansal

flokkast líka undir kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og fræðsla í efri bekkjum grunnskóla og framhaldsskólum þarf að taka mið af því.

Ofbeldi og áreitni á sér oft stað í samskiptum þar sem valdaójafnvægi er fyrir hendi, til að mynda að fullorðinn (eða eldri) einstaklingur beiti barn ofbeldi eða karl beiti konu ofbeldi. Ofbeldi og áreitni getur jafnframt haft mismunandi birtingarmyndir eftir því hverjum það beinist gegn. Ofbeldi gegn fötluðu fólki getur haft aðrar birtingarmyndir og 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

fötlúð börn og ungmenni geta verið útsett fyrir ofbeldi og áreitni á annan hátt en börn sem

ekki eru fötlúð. Sem dæmi má nefna að huga þarf sérstaklega að áhættuþáttum í tengslum

við ferðapjónustu fatlaðs fólks og heilbrigðisþjónustu við fatlað fólk og líta þarf til þess að

börn með hegðunarraskanir tjá sig í sumum tilfellum með öðrum hætti en önnur börn. Hinsegin börn og ungmenni geta einnig orðið fyrir annars konar áreitni og ofbeldi en aðrir

og huga þarf sérstaklega að þörfum barna sem eru með annað móðurmál en íslensku. Þessi

atriði eru hér nefnd í dæmaskyni og flokkast ekki sem tæmandi upptalning en þjóna sem

áminning um mikilvægi þess að líta í öll horn við upprætingu kynferðislegs og kynbundins

ofbeldis og áreitni.

*Frjáls félagasamtök.*

Frjáls félagasamtök hafa átt ríkan þátt í að efla vitund og þekkingu á kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og að veita þolendum þjónustu. Má þar í dæmaskyni nefna *Stígamót, Kvennaathvarfið, Dreka slóð, Aflið, Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Barnaheill* (og áður Blátt

áfram), *UN Women* og *UNICEF*. Einnig má nefna *Bergið* sem veitir ungmennum stuðning og

ráðgjöf. Þá eru ýmis smærri samtök og verkefni sem hafa opnað á mikilvæga umræðu, til dæmis samtökin *Fræðsla, ekki hræðsla* sem einbeita sér að leikskólastiginu, *Fávitar & Karlmannskan* sem fara með fyrirlestra í skóla og félagsmiðstöðvar og

*Ofbeldisvarnaskólann*

sem vinnur með félagsmiðstöðvum. Einnig má nefna aðstandendur fræðslumyndanna *Fáðu*

*já* og *Stattu með þér* (sem einnig hafa gefið frá sér annað forvarna- og fræðsluefni) en myndirnar voru framleiddar í tengslum við *Vitundarvakninguna*. Þá hafa fjölmargir aðilar

komið að kynheilbrigðisfræðslu fyrir ungt fólk, svo sem Ástráður, félag læknanema, og Sigga Dögg kynfræðingur. Það er því umtalsverð þekking fyrir hendi innan félagasamtaka

og hjá einstaklingum sem hafa unnið í þessum málaflokki. Margir framangreindra aðila tóku þátt í samráði á upphafsstigum stefnumótunarinnar. Þessi þingsályktunartillaga leggur fyrst og fremst skyldur á herðar opinberra stofnana og því er aðeins í undantekningartilfellum vísað beint til frjálsra félagasamtaka í sjálfri aðgerðaáætluninni.

Hér er þó áréttað mikilvægi þess að nýta þá sérþekkingu sem félagasamtök búa yfir við áframhaldandi stefnumótun og framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar.

*Menntun fagstétta.*

Til framtíðar þarf menntun fagstétta að tryggja undirbúning starfsfólks sem starfar með

börnum og ungmennum eða hefur samskipti við þau í störfum sínum til að mæta auknum

kröfum um forvarnir, fræðslu og viðbrögð við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Umfjöllun um þessa þætti er enn af skornum skammti í menntun kennara og ýmissa heilbrigðisstétta, svo dæmi séu tekin. Háskólarnir hafa fullt sjálfstæði sem ber að virða og því er ekki með beinum hætti sett fram aðgerð sem skyldubindir slíka menntun en

sú ósk og áskorun kom alloft fram við vinnslu þessarar þingsályktunartillögu. Hér er þó hvatt til þess að fagstéttir sem eru í beinum og daglegum tengslum við börn öðlist í gegnum menntun sína grunnþekkingu á eðli og afleiðingum af kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Vonast er til að aukin umfjöllun og fræðsla, auk aðgengis að

kennslu- og fræðsluefni, þrýsti á um breytingar hvað varðar menntun fagstétta.

### III. ALÞJÓÐLEGAR SKULDBINDINGAR OG NORRÆNT SAMSTARF.

Þingsályktunartillaga þessi og aðgerðaáætlun sem henni fylgir er unnin með hliðsjón af alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Sérstaklega hefur verið tekið mið af skyldum stjórnvalda í tengslum við samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á

konum og heimilisofbeldi (Istanbul-samningurinn), samning Sameinuðu þjóðanna um 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 18 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW), samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og samning Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun (Lanzarote-samningurinn). Tillagan tekur jafnframt mið af

heimsmarkmiðum

Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun þar sem meðal annars kemur fram að stuðla skuli

að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla, tryggja öllum jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum. Má þar vísa sérstaklega í heimsmarkmið 5 um jafnrétti en þar er fjallað um aðgerðir gegn ofbeldi sem

beinist að konum og stúlkum. Ísland hefur jafnframt sett upprætingu ofbeldis sem eitt af meginviðfangsefnunum hérlendis í þessu samhengi. Markmið 4 um menntun fyrir alla vísar sérstaklega til þess að í menntun eigi að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti o.fl. Þá vísast einnig til markmiðs 3 um heilsu og vellíðan, auk undirmarkmiðs um heilbrigðisþjónustu á sviði kynheilbrigðis. Loks hefur áætlun þessi

beina skírskotun til heimsmarkmiðs 16 um frið og réttlæti en í undirmarkmiði er fjallað um

að uppræta þurfi misnotkun, misneytingu, mansal og hvers kyns ofbeldi gegn börnum. CEDAW-samningurinn sem Ísland fullgilti árið 1985 (og síðar valfrjálsa bókun við hann) kveður á um skyldu aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna til að vinna gegn allri mismunun gagnvart konum og stúlkum á öllum sviðum samfélagsins. Í sjötta kafla samningsins er sérstaklega kveðið á um skyldu aðildarríkjanna, m.a. með löggjöf og áætlunum, til að

vinna

gegn hvers kyns kynbundnu ofbeldi á opinberum vettvangi sem og í einkalífi. Jafnframt eiga samningsaðilar að tryggja jafnan rétt allra til kynheilbrigðis.

Istanbul-samningurinn frá 2011, sem fullgiltur var af Íslands hálfu í apríl 2018, er fyrsti lagalega bindandi alþjóðasamningurinn sem tekur heildstætt á ofbeldi gegn konum.

Meðal

meginmarkmiða hans er að samningsaðilar vinni markvisst að því að draga úr kynbundnu

og kynferðislegu ofbeldi og komi í þeim tilgangi á stefnu um forvarnir og samþættri kennslu og fræðslu á öllum stigum menntunar í samstarfi heilbrigðis- og skólayfirvalda. Samningurinn kveður á um réttindi brotþola og skyldur opinberra aðila til að vernda og

aðstoða konur sem verða fyrir ofbeldi, fræða almenning, stjórnvöld og fagaðila, sinna forvörnum gegn ofbeldi og þjóða ofbeldismönnum úrræði og meðferð. Í þriðja kafla samningsins er fjallað um almennar skyldur samningsaðila og ná greinar kaflans til ákvæða

um vitundarvakningu, menntun og fræðslu og þjálfun fagaðila. Í 14. gr. er ákvæði um menntun þar sem segir að kennsluefni varðandi kynbundið ofbeldi verði sett í almennt námsefni á öllum stigum menntunar. Er hér átt við kennsluefni um jafnrétti kynjanna, gagnkvæma virðingu kvenna og karla, kynbundið ofbeldi gegn konum og kynheilbrigði. Skál þessu efni einnig miðla til óformlegra menntastofnana, svo sem til íþróttafélaga, menningar- og félagsheimila og til fjölmiðla. Í 15. gr. er mælt fyrir um þjálfun fagaðila og er

þar m.a. átt við fólk sem starfar innan velferðar- og menntageirans.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, er eini alþjóðlegi

samningurinn sem sérstaklega á við um börn og bundinn er af þjóðarétti. Árið 1992 var samningurinn fullgiltur fyrir Íslands hönd og í febrúar 2013 var hann lögfestur á Alþingi.

Hann felur í sér viðurkenningu á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi óháð réttindum fullorðinna. Efnisreglur hans kveða á um vernd grundvallarmannréttinda barna og að stjórnvöldum, foreldrum, skólum og öðrum sem vinna með börnum beri að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja samningnum. Hann leggur þær skyldur á aðildarríki að grípa til aðgerða til að tryggja vernd og velferð barna, m.a. á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála. Í 19. gr. er mælt fyrir um skyldu aðildarríkja til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda barn gegn

hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, þar á meðal kynferðislegri misnotkun. Einnig ber

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 19 of 30

<https://www.althingi.is/alttext/150/s/1094.html> 24.4.2020

aðildarríkjum samkvæmt sömu grein samningsins að grípa til virkra ráðstafana til að koma

á félagslegri þjónustu og öðrum forvörnum til að vernda börn fyrir illri meðferð.

Samningur Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og



kynferðislegri misnotkun var undirritaður í Lanzarote í október 2007. Ísland fullgilti samninginn árið 2012. Markmið samningsins eru sett fram í fyrsta kafla hans en þau eru að

koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á

börnum, vernda réttindi barna sem eru þolendur kynferðislegrar misneytingar og kynferðislegrar misnotkunar og að efla samstarf í baráttunni gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum hjá hverri þjóð og á alþjóðavísu. Í öðrum kafla samningsins er fjallað um fyrirbyggjandi ráðstafanir og í 4. gr. er sú meginregla sett fram að hver samningsaðili skuli gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að koma í veg fyrir kynferðislega misneytingu og kynferðislega misnotkun á börnum í öllum myndum og til verndar börnum. Fjallað er um

ráðningu, þjálfun og vitundarvakningu fólks sem á samskipti við börn í starfi sínu og einnig um fræðslu fyrir börn um hættuna á kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun og áhættuaðstæður, einkum þær sem felast í notkun nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni. Þá er kveðið á skyldur aðildarríkja til að koma á skilvirkum forvarnaáætlunum eða ráðstöfunum fyrir einstaklinga sem óttast að þeir kunni að fremja

brot samkvæmt samningnum sem byggjast á því að meta áhættu og koma í veg fyrir hættu

á að brot verði framín. Jafnframt er fjallað um fræðslu og herferðir til þess að efla skilning

almennings á því í hverju kynferðisleg misneyting og kynferðisleg misnotkun á börnum er

fólgin og um fyrirbyggjandi ráðstafanir sem unnt er að grípa til.

Ísland undirritaði samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í mars 2007 og fullgilti hann í september 2016. Markmið samningsins er að efla, verja og tryggja full og jöfn

mannréttindi og grundvallarfrælsi fyrir allt fatlað fólk til jafns við aðra. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að samþætta málefni fatlaðs fólks viðeigandi áætlunum stjórnvalda og að ríki viðurkenni að fatlaðar konur og stúlkur eru oft í meiri hættu, innan heimilis sem utan,

á að verða þolendur ofbeldis, áverka eða misþyrminga, afskiptaleysis eða vanrækslu, illrar

meðferðar eða misnotkunar. 16. gr. samningsins kveður sérstaklega á um skyldu samningsaðila til að vernda fatlaðar konur og börn gegn ofbeldi, svo sem kynferðislegu ofbeldi, og segir að ríkjum beri að taka upp skilvirka löggjöf og ráðstafanir, svo sem með forvörnum og fræðslu, til að vernda fatlaðar konur og börn verði frekar fyrir ofbeldi og kynferðislegri misneytingu.

Árið 2019 voru 45 ár liðin frá því að ákveðið var á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar að hefja formlegt samstarf á sviði jafnréttismála. Í samstarfinu hefur

ekki síst verður lögð áhersla á vinnu gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi. Árið 2018

gaf NIKK, Norræna upplýsingasetrið um kyn og kynjafræði, út samantekt um aðgerðir

stjórnvalda gegn kynbundnu ofbeldi í framhaldi af samþykkt Ístanbúl-samnings Evrópuráðsins undir yfirskriftinni *The Istanbul Convention – The Nordic Way*. Fjallað er um

háa tíðni tilkynntra brota og alvarlegar samfélagslegar afleiðingar kynbundins ofbeldis í löndum sem jafnan raða sér efst á lista í alþjóðlegum samanburði á jafnrétti kynjanna. Norðurlöndin hafa á undanförunum árum öll fullgilt Ístanbúl-samninginn og vinna löndin nú samkvæmt aðgerðaáætlunum að innleiðingu ákvæða samningsins. Í samantektinni er

áréttað mikilvægi þess að áætlanir byggi á þeim skilningi að ofbeldi er gjarnan kynbundið

og kynferðislegt og að slíkt ofbeldi beinist einkum að stúlkum og konum, sem og hópum sem hafa verið jaðarsettir. Þá er mælt með að unnið sé að kerfislegum umbótum þannig að

fræðsla og forvarnir séu aldrei skipulagðar til skamms tíma heldur samþættar starfi heilbrigðis- og menntastofnana, svo sem með kennslu og fræðslu á öllum skólastigum.

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 20 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

IV. NÁNAR UM AÐGERÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2021–2025.

#### **A. Almennar aðgerðir.**

##### *A.1. Forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.*

Lagt er til að Samband íslenskra sveitarfélaga ráði til sín forvarnafulltrúa sem hafi það að

hlutverki að fylgja eftir aðgerðaáætluninni og styðja við skólaskrifstofur – og skóla og leikskóla utan skólaskrifstofa – við að innleiða kennslu og forvarnir gegn kynferðislegu og

kynbundnu ofbeldi og áreitni. Í ljósi tengingar Sambandsins við sveitarfélög í landinu er talið að þetta sé besta leiðin til að tryggja milliliðalaus samskipti. Fulltrúinn verður þó einnig með hlutverk gagnvart framhaldsskólum þótt þeir heyri ekki undir sveitarfélögin.

Er þetta gert til að tryggja sem besta nýtingu fjármuna, uppbyggingu sérþekkingar og skilvirka framfylgd áætlunarinnar. Gera má ráð fyrir að hlutverkið gagnvart

framhaldsskólanum nemi um 20% af starfi fulltrúans. Þessi staða er ekki hugsuð sem varanleg staða, nema annað komið í ljós, heldur sem kröftugur stuðningur meðan verið er

að tryggja samþættingu forvarna við almennt skólastarf.

##### *A.2. Skólaskrifstofur sveitarfélaga.*

Lagt er til að skólaskrifstofur sveitarfélaga gegni lykilhlutverki við innleiðingu forvarna í skólastarf í leikskólum og grunnskólum, með öflugum stuðningi frá forvarnafulltrúa

Sambands íslenskra sveitarfélaga. Langflestir leik- og grunnskólar landsins heyra undir skólaskrifstofur síns sveitarfélags. Skólaskrifstofur standa oft fyrir fræðslu sem beinist

að

starfsfólki og hafa einnig áhrif á stefnumótun og áætlanir sem geta tekið til forvarna.

Ekki

er gert ráð fyrir að þetta verkefni reynist þungt í vöfum í ljósi þess að þróað verður námsefni og fræðsluefni sem hægt er að styðjast við í því hlutverki sem

skólaskrifstofunum

er ætlað, auk þess sem forvarnafulltrúinn veitir stuðning. Skólaskrifstofur miðli einnig upplýsingum um fræðslu og forvarnir til forvarnafulltrúans, til dæmis um fjölda starfsmanna sem hafa hlotið fræðslu, svo draga meggi upp greinargóða mynd af árangri þessarar áætlunar.

#### *A.3. Ritstjóri hjá Menntamálastofnun.*

Átak í námsefnisgerð og yfirferð og uppfærsla á eldra námsefni kallar á talsverða vinnu á

vegum Menntamálastofnunar. Því er lagt til að stofnunin fái fjármagn til að hafa ritstjóra/verkefnisstjóra í a.m.k. hálfu starfshlutfalli. Ritstjórinn hefur þá umsjón með námsefnisgerð fyrir grunnskóla og vinnur í samstarfi við aðra sem vinna að náms- og fræðsluefni í tengslum við þessa aðgerðaáætlun. Jafnframt mun ritstjórinn gegna hlutverki í

tengslum við aðgerð A.5 um að kennslu- og fræðsluefni sem styður við forvarnir á öllum skólastigum sé aðgengilegt á einum stað og merkt sérstaklega í leitarbrunni á vefsvæði Menntamálastofnunar. Lagt er til að ritstjórinn standi fyrir samráði við fræðafólk og frjáls

félagasamtök til að tryggja að nýtt námsefni taki mið af faglegri þekking og reynslu af umfjöllun um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni. Meðal annars er mikilvægt að

leita til samtaka sem berjast gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni og til samtaka sem vinna að réttindum fatlaðs fólks, hinsegin fólks og í þágu fjölmenningar.

#### *A.4. Netnámskeið fyrir fólk sem starfar með börnum og ungmennum.*

Hér er lagt til að útbúið verði sérstakt netnámskeið fyrir fólk sem starfar með börnum og

ungmennum þar sem fjallað er um eðli og afleiðingar kynferðislegs og kynbundins ofbeldis. Sérstaklega verði fjallað um ólíkar leiðir barna til að tjá sig hafi þau orðið fyrir eða

orðið vitni að slíku ofbeldi. Einnig er lögð áhersla á að efnið taki mið af kynjuðu eðli 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 21 of 30

<https://www.althingi.is/alttext/150/s/1094.html> 24.4.2020

ofbeldis og áreitni og af sérstöðu ólíkra hópa. Námskeiðin skulu beinast að kennurum og starfsfólki leik-, grunn- og framhaldsskóla, auk frístundaheimila og félagsmiðstöðva.

Námskeiðin byggi á efni sem hefur verið unnið í tengslum við námskeiðið *Verndum þau* en

höfundar þess eru sérfræðingar í Barnahúsi. Netnámskeiðin skulu sérsniðin að ólíkum skólastigum og vera gagnvirk. Efnistöð skulu taka mið af ólíkum þörfum og aðstæðum kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra barna, hinsegin barna og

barna með annað móðurmál en íslensku. Lagt er til að útbúa sérstakt viðbótarefni sem er

ætlað fagaðilum sem vinna með fötluðum börnum og ungmennum, þar á meðal innan heilbrigðiskerfisins, á Æfingastöðinni, þar sem er sinnt bæði iðjuþjálfun og sjúkrapjálfun fatlaðra barna, og á heimilum sem bjóða skammtímadvöl fyrir fötluð börn. Með því móti gefst færi á að fjalla ítarlegar um eðli ofbeldis og áreitni gegn fötluðum börnum, sbr. umfjöllun framfar í þessari greinargerð. Æskilegt er að öll námskeiðin innihaldi

myndefni

eða myndbönd og nauðsynlegt er að stjórnendur geti fylgst með því hvort starfsfólk hafi lokið námskeiðinu. Þá þarf tæknileg uppbygging að vera með þeim hætti að Barnaverndarstofu berist tölfraeðiupplýsingar um fjölda þeirra sem hafa tekið námskeiðið,

helst skipt niður eftir landsvæðum og skólastigum. Nú þegar hefur

Æskulýðsvettvangurinn þróað netnámskeið í samvinnu við fagfólk í barnavernd þar sem fjallað er um líkamlegt og andlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, vanrækslu, samskiptavanda og einelti. Lagt er til að styðjast einkum við þetta námskeið fyrir starfsfólk

og sjálfboðaliða íþrótta- og æskulýðsfélaga og annarra tómstundafélaga og að innihald þeirra verði nýtt við gerð námskeiðanna fyrir starfsfólk skóla. Þó er áréttað að starfsfólk og

sjálfboðaliðar í íþrótta-, æskulýðs- og tómstundastarfi geti einnig nýtt sér netnámskeið fyrir

starfsfólk skóla og með áherslu á þá aldurshópa sem þeir vinna með. Námskeið fyrir starfsfólk grunnskóla getur sérstaklega nýst listkennurum en mikilvægt er að forvarnir nái

til listnáms, t.d. í dansi, myndlist og tónlist. Einnig er vakin athygli á efni sem hefur verið þróað í tengslum við verkefnið *Verndarar barna* á vegum Barnaheilla (áður Blátt áfram). Aðgerð þessi er jafnframt tengd aðgerð A.1 í þingsályktun nr. 35/149 um áætlun fyrir árin

2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess þar sem fjallað er um fræðslu um

ofbeldi til þeirra sem vinna með börnum.

*A.5. Aðgengi að kennsluefni og fræðsluefni.*

Menntamálastofnun heldur úti leitarbrunni þar sem kennurum allra skólastiga, foreldrum og nemendum er tamt að fletta upp námsefni í ólíkum greinum. Ekki er auðvelt

að sjá hvernig mætti nálgast efni sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Þó er ýmiss konar efni til. Hér er lagt til að gerð verði gangskör í því að vista upplýsingar um náms- og fræðsluefni sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni á heimasíðu Menntamálastofnunar og

að það sé aðgengilegt í gegnum leitarbrunn. Jafnframt er lagt til að Menntamálastofnun setji reglur um faglegar kröfur sem slíkt efni þarf að uppfylla. Þótt Menntamálastofnun sé

eingöngu með lögbundið hlutverk gagnvart grunnskólum er rétt að hýsa einnig námsefni

fyrir leik- og framhaldsskóla á síðunni, svo sem á við um ýmis önnur fög.

*A.6. Mat á áhrifum aðgengis barna og ungmenna að klámi.*

Í starfi nefndarinnar sem vann drög að þessari þingsályktunartillögu komu reglulega upp áhyggjur af þeim áhrifum sem aðgengi að klámi hefur á heilsu og líðan barna og ungmenna. Fagaðilar sem starfa með börnum deila slíkum áhyggjum. Vísbendingar eru um

að börn séu sífellt yngri þegar þau sjá klám í fyrsta sinn og áhorf kláms á ungum aldri er

talið geta haft áhrif á kynhegðun síðar meir. Hér er lagt til að framkvæmt verði mat á 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...  
Page 22 of 30

<https://www.althingi.is/alttext/150/s/1094.html> 24.4.2020

áhrifum stafræns aðgengis barna og ungmenna að klámi á heilsu þeirra og líðan. Í slíku mati getur falist að kanna áhrif klámáhorfs á hegðun og líðan barna og ungmenna og athuga hvort áhrifa gæti í starfi Barnahúss, félagsmiðstöðva, á neyðarmóttöku vegna nauðgunar, hjá lögreglu og fleiri aðilum. Eins gæti matið falið í sér að taka saman upplýsingar um sálræn áhrif þess að horfa á klám á unga aldri.

#### *A.7. Fræðsluáttak um vernd kynferðislegrar friðhelgi.*

Forsætisráðherra fól stýrihópi um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi að gera tillögu að stefnumótun um aðgerðir gegn stafrænu kynferðisofbeldi, í samræmi við stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Tillögur stýrihópsins byggja á viðamikilli greinargerð

Maríu Rúnar Bjarnadóttur, lögfræðings og doktorsnema við Háskólann í Sussex í Bretlandi,

þar sem meðal annars er lagt til að efla forvarnir í tengslum við brot gegn kynferðislegri friðhelgi (sem er víðtækara hugtak en stafrænt kynferðisofbeldi). Í tillögunum er einnig gert ráð fyrir breytingum á lögum sem krefjast nánari útfærslu. Hér er lagt til að tryggja fjármagn í almennar forvarnir og fræðslu um brot gegn kynferðislegri friðhelgi. Er það gert

með hliðsjón af þróun þessa brotaflokks og þróun á lögum og reglum sem hann varða.  
Brot

gegn kynferðislegri friðhelgi taka á sig ýmsar myndir, ekki síst með stafrænni tækni, og mikilvægt er að brugðist sé við þeim sérstaklega með fræðslu og forvörnum. Líta má til skoskrar fræðsluherferðar sem beindist bæði að ungmönnum og fullorðnum og fjallaði meðal annars um löggjöf um kynferðislega friðhelgi. Vísast hér til ítarlegri umfjöllunar í greinargerð Maríu Rúnar Bjarnadóttur (2020). <sup>1</sup> Jafnréttisstofu er falin ábyrgð á þessu verkefni og auk forvarnafulltrúa SÍS og Barnaverndarstofu er lagt til að hafa samráð við SAFT, Evrópuverkefni sem hýst er af Heimili og skóla og er samstarfsverkefni stofnana, fyrirtækja og frjálsra félagasamtaka og fjallar um tölvu- og nýmiðlanotkun barna og unglinga, og Kvenréttindafélag Íslands sem vann skýrslu um hrelliklám árið 2016 og hefur

látið til sín taka í umræðunni. Fleiri félagasamtök hafa unnið að þessum málaflokki og gott

er að hafa sem víðtækast samráð um þetta áttak. Einnig er hér vakin athygli á stuttmyndinni

*Myndin af mér* sem fjallar um dreifingu nektarmynda án samþykkis.

### **B. Forvarnir í leikskólum.**

#### *B.1. Fræðsla starfsfólks.*

Hér er gert ráð fyrir að leikskólastjórar tryggi að starfsfólk leikskóla hljóti fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og forvarnir sem hæfa leikskólabörnum. Einkum sé tryggt að starfsfólk taki netnámskeið, sbr. lið A.4, en að skólaskrifstofur, og/eða

forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, styðji einnig við leikskóla með frekari

fræðslu. Sérstaklega skal fjallað um ólíkar leiðir barna sem hafa orðið fyrir ofbeldi eða áreitni til að greina frá reynslu sinni. Þá er lögð áhersla á samhæfð viðbrögð innan leikskóla

þannig að allt starfsfólk bregðist við með sambærilegum hætti ef upp kemur grunur um að

barn hafi orðið fyrir eða orðið vitni að ofbeldi eða áreitni. Í ljósi talsverðar starfsmannaveltu

á mörgum leikskólum er sérstaklega lögð áhersla á að tryggja að nýtt starfsfólk ljúki netnámskeiðinu við upphaf starfsferils.

#### *B.2. Þróun námsefnis fyrir leikskóla.*

Mikilvægasta leiðin til að tryggja að fjalla sé um ofbeldi og áreitni með hætti sem hentar leikskólabörnum er að fyrir hendi sé vandað og aðgengilegt námsefni sem leikskólakennarar og annað starfsfólk geta notast við. Hér er lagt til að gera gangskör í þróun slíks efnis, einnig í samræmi við aðgerð A.5 í þingsályktun nr. 35/149 um áætlun 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...  
Page 23 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Með vísan til ríkrar þekkingar Barnahúss á fræðslu fyrir börn er lagt til að Barnaverndarstofa haldi utan um þetta verkefni. Vakin er athygli á efni sem hefur verið þróað af leikskólakennara undir yfirskriftinni *Fræðsla, ekki hræðsla*, og fjallar um mörk og markaleysi, virðingu í samskiptum

og fleira sem veitir starfsfólki tæki til að ræða um kynferðistengd málefni með hætti sem

hentar leikskólabörnum. Einnig er hvatt til samstarfs við verkefni Reykjavíkurborgar *Opinskátt um ofbeldi* en í tengslum við það hefur verið þróað fræðsluefni sem er sérsniðið að

umfjöllun innan leikskóla. Áréttað er að sérstaklega skuli taka tillit til ólíkra þarfa og aðstæðna kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra barna, hinsegin

barna og barna með annað móðurmál en íslensku. Í þessu felst að efnið sé útfært með þeim

hætti að hægt sé að laga það að þörfum ólíkra nemenda þannig að engir hópar barna fari á

mis við forvarnir og fræðslu, til dæmis vegna fötlunar eða tungumálakunnáttu.

#### *B.3. Velferð og öryggi barna í leikskólum.*

Nýverið var *Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum* endurútgefin og fjallað með

ítarlegri hætti um forvarnir gegn ofbeldi og öryggi grunnskólabarna. Hér er lagt til að *Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum* verði einnig uppfærð og að við endurskoðunina sé litið til varúðarráðstafana sem draga úr hættu á að kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni eigi sér stað innan veggja leikskóla eða í tengslum við leikskólastarf, þar á meðal í ferðum á vegum leikskóla.

#### *B.4. Forvarnir í heilsugæslu.*

Heilsugæslan á bæði reglubundna og einstaklingsbundna snertifleti við ung börn og foreldra þeirra í gegnum ung- og smábarnavernd. Því er lagt til að efla fræðslu til

starfsfólks um merki ofbeldis og að nýta til þess netnámskeið fyrir starfsfólk leikskóla, sbr.

aðgerð A.4, þar sem um sama aldur er að ræða. Einnig verði því fylgt eftir að í 4 ára skoðun

sé foreldrum afhent fræðsluefni um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni en efnið

hefur verið þróað af Barnaheillum.

### **C. Forvarnir í grunnskólum í samvinnu við heilsugæslu, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar.**

#### *C.1. Forvarnateymi grunnskóla.*

Grunnskólar njóta sérstöðu meðal skólastiganna að því leyti að þar er skólaskylda og öll börn ganga í grunnskóla. Það er því mikilvægt að forvarnir séu með besta móti innan þeirra. Grunnskólar eru líka eina skólastigið þar sem skólahjúkrunarfræðingar eru almennt

til staðar og halda þeir úti markvissri forvarnafræðslu gegn ofbeldi í 1., 5., 6., 8., 9. og 10. bekk, auk heilsueflandi viðtala þar sem nemendum gefst kostur á að tjá sig um ofbeldi og

áreitni, sem og þætti tengda samskiptum, kynhegðun og kynheilbrigði. Hér er lagt til að grunnskólar setji á laggirnar teymi með helstu fagaðilum – sem getur verið mismunandi eftir stærð skóla og samsetningu nemenda – með það hlutverk sérstaklega að tryggja að forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni séu samþættar skólastarfi.

Í

teyminu eigi jafnframt sæti einn skólastjórnandi. Í sumum skólum eru starfandi teymi sem

geta tekið við þessu hlutverki og mögulegt væri að efna til samstarfs í tilfelli smærri skóla.

Hér er gert ráð fyrir aðkomu frístundarheimila og félagsmiðstöðva, eftir því sem við á, í því

skyni að efla samstarf og tryggja samfellu milli þeirra aðila sem vinna með börnum dags daglega. Þá er áriðandi að í teyminu eigi alltaf sæti þroskaþjálfari, sérkennari eða annar starfsmaður sem annast sérkennslu og stoðþjónustu við fötluð börn, þar sem það á við.

Teymið getur verið starfsfólki stuðningur í umfjöllun um ofbeldi og áreitni og einnig tryggt

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 24 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

að allir árgangar hljóti kennslu eða aðra fræðslu svo samfella náist í forvarnastarfi. Þá er lögð áhersla á að forvarnateymi efli þekkingu á ólíkum leiðum barna sem hafa orðið fyrir

ofbeldi eða áreitni til að greina frá reynslu sinni. Í þessu sambandi er litið til þess að börn

og ungmenni sem hafa orðið fyrir ofbeldi og áreitni reyna gjarnan að greina frá reynslu sinni oftast en einu sinni áður en fullorðnir aðilar átta sig og bregðast við.

#### *C.2. Fræðsla starfsfólks.*

Hér er gert ráð fyrir að forvarnateymin tryggi að starfsfólk grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva hljóti fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og

forvarnir sem hæfa grunnskólabörnum. Einkum sé tryggt að starfsfólk taki netnámskeið, sbr. lið A.4, en að skólaskrifstofur, eða forvarnafulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, styðji einnig við grunnskóla með frekari fræðslu, til dæmis í tengslum við skipulagsdaga og námskeiðsdaga. Áhersla er lögð á að skólahjúkrunarfræðingar séu virkjaðir við framkvæmd þessarar aðgerðar sem og annað fagfólk innan grunnskólanna. Þá er lögð áhersla á samhæfð viðbrögð innan grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva þannig að allt starfsfólk bregðist við með sambærilegum hætti ef upp kemur grunur um að barn hafi orðið fyrir eða orðið vitni að ofbeldi eða áreitni. Sérstaklega er mikilvægt að fylgja því eftir að starfsfólk sérskóla hljóti fræðslu líkt og starfsfólk annarra grunnskóla og að stutt sé við starfsfólk sérskóla í að sækja sér frekari fræðslu um eðli og afleiðingar ofbeldis og áreitni sem beinist að fötluðum börnum og ungmennum.

### *C.3. Þróun og gerð námsefnis fyrir grunnskóla.*

Forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verða að eiga sér stað í gegnum kennslu, ekki aðeins með utanaðkomandi fræðslu, inn í bekk og skóla þótt slíkt sé

kærkomin viðbót. Því þarf að tryggja að kennarar og annað starfsfólk hafi aðgengi að vönduðu námsefni og miðar þessi aðgerð að því að gera gangskör hvað það varðar. Margt

konar námsefni og fræðsluefni er til sem stuðlar að forvörnum, bæði innan Menntamálstofnunar og víðar, t.d. hjá Embætti landlæknis (*Örugg saman*) og efni sem var

útbúið í tengslum við Vitundarvakningu um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi gegn börnum. Fara skal heildstætt yfir náms- og fræðsluefni sem til er og uppfæra og endurútgefa eftir þörfum. Einnig verði þróað nýtt gagnvirktt efni sem byggir á gagnreyndri

þekkingu og hæfi aldri og þroska nemenda. Efninu þurfa að fylgja greinargóðar leiðbeiningar til kennara og annars starfsfólks um notkun þess. Fyrst um sinn má ætla að

þróað verði námsefni fyrir yngsta stig, miðstig og unglingsstig, en mikilvægt er að allir árgangar geti hlotið kennslu og fræðslu sem miðar að forvörnunum gegn kynferðislegu og

kynbundnu ofbeldi og áreitni. Þessi aðgerð skal framkvæmd í samvinnu við Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu í því skyni að tryggja samlegð við fræðsluefni sem

skólahjúkrunarfræðingar notast við. Einnig er hvatt til samstarfs við verkefni Reykjavíkurborgar *Opinskátt um ofbeldi* en í tengslum við það hefur verið þróað fræðsluefni

sem er sérsniðið að umfjöllun innan leikskóla. Áréttað er að sérstaklega skuli taka tillit til

ólíkra þarfa og aðstæðna kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem



fatlaðra

barna, hinsegin barna og barna með annað móðurmál en íslensku. Í þessu felst að efnið sé

útfært með þeim hætti að hægt sé að laga það að þörfum ólíkra nemenda þannig að engir

hópar barna fari á mis við forvarnir og fræðslu, svo sem vegna fötlunar eða

tungumálakunnáttu. Til dæmis þarf kennsluefni að vera aðgengilegt á

auðlesnu/myndrænu formi þar sem það á við. Kennsla og fræðsla um kynlíf og

kynheilbrigði þarf að vera vönduð með tilliti til jafnréttis kynjanna og fjalla um mörkin

milli kynlífs og ofbeldis, þar á meðal í samhengi við klám. Í einhverjum tilfellum getur

átt

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 25 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

við að leggja til að umfjöllun fari fram í kynskiptum hópum. Kennsluefni þarf jafnframt að

tala inn í veruleika hinsegin barna og ungmenna. Þótt efni geti verið útfært með

mismunandi hætti með tilliti til þarfa fatlaðra barna þá eiga þau sama rétt og önnur

börn á

fræðslu og forvörnum en dæmi eru um að fötluð börn hafi verið útilokuð frá fræðslu um kynlíf og kynheilbrigði.

#### *C.4. Þróun fræðsluefnis heilsugæslunnar.*

Heilsugæslan hefur verið með markvissa fræðslu í öllum árgöngum grunnskóla. Í þeirri fræðslu hefur m.a. verið fjallað um ofbeldi, samskipti og kynheilbrigði. Efnið sem notað

hefur verið er komið til ára sinna og er það mat sérfræðinga hjá Þróunarmiðstöð

íslenskrar

heilsugæslu að þörf sé á endurnýjun, ekki síst með tilliti til ólíkra þarfa barna og einnig

hvað varðar tækniþróun við miðlun efnis og tækninotkun nemenda. Hér er lagt til að

veita

fjármagni til að þróa þetta efni svo tryggja megji faglega og uppfærða nálgun

skólahjúkrunarfræðinga á fræðslu sem stuðlar að forvörnum gegn kynferðislegu og

kynbundnu ofbeldi og áreitni.

#### *C.5. Forvarnir í félagsmiðstöðvum.*

Forvarnir sem beint hefur verið í gegnum félagsmiðstöðvar hafa gefið góða raun.

Starfsfólk félagsmiðstöðva hefur oft fleiri og annars konar tækifæri en til dæmis

kennarar til

að ræða við börn og ungmenni í góðu tómi. Sérfræðingar í tómstunda- og

félagsmálafræði

leiða að öllu jöfnu starfið í félagsmiðstöðvum. Þeir hafa þekkingu á hvernig megji nálgast

nemendur sem eiga við vanda að stríða og hafa úrræði til að nálgast þá og bregðast við.

Fjöldmargir aðilar hafa farið með fræðslu inn í félagsmiðstöðvar sem ýmist beinist að

nemendum og/eða starfsfólki. Þótt erfitt sé að hampa einu efni umfram annað þá er hér

lagt til að styðja við áframhald verkefnis á vegum Stígamóta og SAMFÉS, í tengslum við

átakið *Sjúk ást*, þar sem fræðslu hefur verið beint að starfsfólki félagsmiðstöðva í því

skyni

að það fræði unglinga í sinni félagsmiðstöð. Slík fræðsla hefur verið gerð að skilyrði til

að fá

að taka þátt í Samfestingnum – árlegu balli SAMFÉS – en það sækja um 4.500 unglingar alls

staðar að af landinu á hverju ári. Með skyldubundinni fræðslu eru send skýr skilaboð til unglunga um að skemmtanalífi fylgi ábyrgð. Samkvæmt niðurstöðum könnunnar sem Sjúk

ást lét gera hjá starfsfólki félagsmiðstöðva er rík ánægja með fræðsluna og komist hefur á

hana nokkur reynsla. Hér er því lagt til að þessu verði framhaldið næstu fimm árin og síðan

lagt mat á verkefnið en Sjúk ást hefur sem stendur aðeins fjármagn út árið 2020. Einnig er

hér vakin athygli á starfi Ofbeldisvarnarskólans sem vinnur að því að þróa fræðslu sem miðar að því að auka hæfni unglunga til að grípa inn í og bregðast við óviðeigandi hegðun.

#### **D. Forvarnir í framhaldsskólum.**

##### *D.1. Forvarnir í tengslum við Heilsueflandi framhaldsskóla.*

Í ljósi þess að allir framhaldsskólar landsins eiga aðild að Heilsueflandi framhaldsskóla er lagt til að nýta það netverk til að efla forvarnir innan framhaldsskóla og samþætta þær

skólastarfi. Í gegnum þetta netverk geta tengiliðir einnig skipst á upplýsingum. Samhliða verði unnið með námsráðgjöfum því þeir eru innan allra framhaldsskóla og gegna veigamiklu hlutverki í nemendavernd og samskiptum við nemendur. Til framtíðar kann að

vera æskilegt fyrir framhaldsskóla að setja á laggirnar sambærileg teymi og lagt er til fyrir

grunnskóla, sbr. aðgerð C.1. Einnig væri æskilegt að innan allra framhaldsskóla væru starfandi skólahjúkrunarfræðingar á vegum heilsugæslu en slíkt heyrir nú til undantekninga. Hvatt er til þess að framhaldsskólar helgi einhvern tíma ársins umfjöllun

um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni, til dæmis í tengslum við alþjóðlegt 16 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 26 of 30

<https://www.althingi.is/alttext/150/s/1094.html> 24.4.2020

daga átak gegn kynbundnu ofbeldi sem efnt er til árlega frá 25. nóvember (alþjóðlegur baráttudagur gegn kynbundnu ofbeldi) til 10. desember (alþjóðlegi mannréttindadagurinn). Einnig mætti skoða að nýta þemadaga eða jafnréttisdaga sem eru

fyrir hendi í sumum skólum. Fyrirmyndir má finna í tengslum við árlegan forvarnadag gegn áfengi og fíkniefnum.

##### *D.2. Fræðsla starfsfólks.*

Hér er gert ráð fyrir að skólastjórnendur, með stuðningi frá forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga og í samstarfi við tengilið Heilsueflandi framhaldsskóla og námsráðgjafa, tryggji að starfsfólk framhaldsskóla hljóti fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og forvarnir sem hæfa framhaldsskólanemum. Einkum sé tryggt að starfsfólk taki netnámskeið, sbr. lið A.4, en að stjórnendur bjóði einnig upp á

frekari fræðslu. Sérstaklega skal fjallað um ólíkar leiðir barna og ungmenna sem hafa orðið

fyrir ofbeldi eða áreitni til að greina frá reynslu sinni. Þá er lögð áhersla á samhæfð viðbrögð innan framhaldsskóla þannig að allt starfsfólk bregðist við með sambærilegum hætti ef upp kemur grunur um að nemandi hafi orðið fyrir eða orðið vitni að ofbeldi eða áreitni.

#### *D.3. Þróun námsefnis fyrir framhaldsskóla.*

Forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni verða að eiga sér stað í gegnum kennslu, ekki aðeins með utanaðkomandi fræðslu, inn í bekk og skóla þótt slíkt sé

kærkomin og mikilvæg viðbót. Því þarf að tryggja að kennarar og annað starfsfólk hafi aðgengi að vönduðu námsefni og miðar þessi aðgerð að því að gera gangskör hvað það varðar. Fara skal heildstætt yfir náms- og fræðsluefni sem til er og uppfæra og endurútgefa

eftir þörfum. Einnig skal þróa nýtt, gagnvirkt efni sem byggir á gagnreyndri þekkingu og hæfir aldri og þroska nemenda. Efninu þurfa að fylgja greinargóðar leiðbeiningar til kennara og annars starfsfólks um notkun efnisins og efnið þarf að vera útfært með þeim hætti að hægt sé að laga það að þörfum ólíkra nemenda. Einkum skal leggja áherslu á námsefni sem fjallar með beinum og opinskáum hætti um eðli og afleiðingar kynferðislegs

og kynbundins ofbeldis og áreitni. Æskilegt er að nýtt námsefni taki einnig til mansals og

vændis sem birtingarmyndar kynbundins og kynferðislegs ofbeldis. Jafnframt skal útbúa vandað námsefni um kynheilbrigði og kynhegðun, sbr. þingsályktun nr. 35/149 um áætlun

fyrir árin 2019–2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Áréttað er að sérstaklega skuli taka tillit til ólíkra þarfa og aðstæðna kynjanna og mismunandi einstaklinga og hópa, svo sem fatlaðra barna, hinsegin barna og barna með annað móðurmál en íslensku. Í þessu felst að efnið sé útfært með þeim hætti að hægt sé að laga það að þörfum ólíkra nemenda þannig að engir hópar barna fari á mis við forvarnir og fræðslu, svo sem vegna fötlunar eða tungumálakunnáttu. Til dæmis þarf kennsluefni að vera aðgengilegt á auðlesnu/myndrænu formi þar sem það á við. Kennsla og fræðsla um kynlíf og kynheilbrigði þarf að vera vönduð með tilliti til jafnréttis kynjanna og fjalla um mörkin milli kynlífs og ofbeldis, þar á meðal í samhengi við klám. Í einhverjum tilfellum getur átt við að leggja til að umfjöllun fari fram í kynskiptum hópum. Kennsluefni þarf jafnframt að tala inn í veruleika hinsegin barna og ungmenna. Þótt efni geti verið útfært með mismunandi hætti með tilliti til þarfa fatlaðra barna þá eiga þau sama rétt og önnur börn á fræðslu og forvörnum, en dæmi eru um að fötluð börn hafi verið útilokuð frá fræðslu um kynlíf og kynheilbrigði.

#### *D.4. Námsefni fyrir starfsbrautir.*

1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 27 of 30

<https://www.althingi.is/alttext/150/s/1094.html> 24.4.2020

Fjölmarginir framhaldsskólar um allt land halda úti námi á starfsbrautum sem er sérstaklega ætlað nemendum sem þurfa einstaklingsmiðað nám vegna fötlunar eða sértækra námsörðugleika. Ekki er sjálfgefið að námsefni sem er þróað samkvæmt

aðgerð

D.3 henti öllum nemendum starfbrauta. Því er lagt til að námsefnið verði endurhannað sérstaklega með þarfir þessa hóps í huga eftir því sem framast er unnt. Efnistöð væru að uppistöðu til þau sömu en framsetning mögulega með öðrum hætti. Mikilvægt er að þeir aðilar sem taka þetta verkefni að sér hafi til þess viðunandi þekkingu og reynslu. Er því lagt til að vinna verkefnið meðal annars í samvinnu við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

*D.5. Efling kynjafræðikennslu.*

Í nokkrum framhaldsskólum er boðið upp á kynjafræði sem valáfanga. Menntaskólinn á Laugarvatni heldur úti skylduáfanga í kynjafræði með vísan til grunnþáttar aðalnámskrár

framhaldsskóla um kynjajafnfrétti. Kynjafræði er ekki hluti af námi til stúdentsprófs og framhaldsskólum því í sjálfsvald sett hvort þeir halda slíkri kennslu úti eða ekki.

Kynjafræði er engu að síður afar mikilvægur liður í forvörnum gegn kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni. Með kynjafræðikennslu skapast rými til að fjalla um samfélagslegar hugmyndir sem viðhalda slíku ofbeldi. Samband íslenskra framhaldsskólanema hefur einnig ítrekað kallað eftir að kynjafræði verði skyldufag í skólum. Hér er lagt til að standa að umræðu um reynslu þeirra skóla sem kenna kynjafræði

og um gildi þess að bjóða nemendum upp á slíkt nám, annað hvort sem skyldunám eða valfag. Með þessu er vonast til að hvetja fleiri skóla til að bjóða upp á kynjafræði og gera kynjafræði að skyldufagi.

**E. Forvarnir í íþróttá- og æskulýðsstarfi og öðru tómstundastarfi.**

Við móttun tillagna undir þessum lið hefur verið litið til þess að með lögum nr. [45/2019](#) var komið á fót embætti samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs sem hefur m.a. það

hlutverk að aðstoða samtök og félög sem falla undir lögin við að gera viðbragðsáætlanir vegna atvika og misgerða sem verða í starfi þeirra, að stuðla að samræmingu á landsvísu,

eftir atvikum í samráði við hagsmunaaðila, og að veita ráðgjöf til þeirra sem taka þátt í starfsemi félaga og samtaka um fyrirbyggjandi aðgerðir. Nýverið var gengið frá samningi

við Domus Mentis – Geðheilsustöð um að sinna þessu hlutverki. Mikilvægt er að reynsla komist á löggjöfina og starf samskiptaráðgjafans og því er ekki fjallað ítarlega um aðgerðir

sem beinast að íþróttá- og æskulýðsstarfi í þessari aðgerðaáætlun. Hins vegar er gert ráð

fyrir að samskiptaráðgjafinn sé meðal samstarfsaðila við framkvæmd ýmissa aðgerða og vonir standa til að öflugt samstarf verði milli hans og forvarnafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*E.1. Fræðsla starfsfólks.*

Það er mikilvægt þegar upp koma atvik innan íþróttá- og æskulýðsstarfs og annars tómstundastarfs að boðleiðir séu skýrar og öllum ljóst hvornig bregðast eigi við með réttum

hætti. Hið sama á við segi barn eða ungmenni frá ofbeldi sem það kann að hafa orðið

fyrir á

öðrum vettvangi. Markmið þessa hluta aðgerðaáætlunarinnar er að tryggja að þeir sem starfi innan íþróttá- og æskulýðsstarfs og annars tómstundastarfs hafi nauðsynlega lágmarksþekkingu á þeim reglum sem eiga við þegar grunur vaknar um kynferðislegt eða

kynbundið ofbeldi og áreitni eða annars konar ofbeldi gagnvart barni og hver séu rétt viðbrögð þegar svo háttar til. Hér er lagt til að stjórnendur og aðrir sem starfa á þessum vettvangi hljóti fræðslu um það í gegnum aðgengileg netnámskeið um barnavernd sem 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 28 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

útbúið var fyrir starfsfólk og sjálfboðaliða í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Einnig munu íþróttáog æskulýðsfélög og önnur tómstundafélög og listskólar geta nýtt sér netnámskeið fyrir

leik-, grunn- og framhaldsskóla, sbr. aðgerð A.4. Huga mætti að því að gera góða þátttöku

á netnámskeiðum sem skilyrði fyrir að geta talist fyrirmyndarfélag ÍSÍ, samkvæmt reglum

þar að lútandi.

*E.2. Fræðsla fagaðila, sjálfboðaliða og annarra sem starfa með fötluðum börnum og ungmennum.*

Þessari aðgerð var bætt við þingsályktunartillöguna í kjölfar umfjöllunar í samráðsgátt stjórnvalda. Bæði Þroskahjálp og Tabú vöktu athygli á því að fötluð börn og ungmenni dvelja á fjölbreyttari stöðum en almennt á við um ófötluð börn. Þau geta jafnframt verið háð fagaðilum, sjálfboðaliðum og öðrum með öðrum hætti en ófötluð börn og reiða sig í sumum tilfellum á aðstoð við salernisferðir og við að fæðast og klæðast. Mikilvægt er að allir einstaklingar sem starfa með þeim séu meðvitaðir um að virða mörk barna og ungmenna og styrkja þau þannig í að skilja og virða sín eigin mörk. Þá getur ofbeldi og áreitni gegn fötluðum börnum og ungmennum tekið á sig annars konar birtingarmyndir og

nauðsynlegt er að allir sem með þeim starfa hafi þekkingu á því.

## **F. Eftirfylgni og mat á árangri.**

*F.1. Vöktun upplýsinga.*

Sem liður í mati á árangri þessarar áætlunar er nýrri miðstöð um ofbeldi gegn börnum, sem starfar innan Barnaverndarstofu, falið að fylgjast með niðurstöðum kannanna sem mæla umfang kynferðislegs og kynbundins ofbeldis og áreitni, einkum gegn börnum og ungmennum. Vísast þar meðal annars til árlegra kannanna Rannsóknar & greiningar en einnig upplýsinga frá barnavernd, félagsþjónustu og heilsugæslu. Hér er þó áréttað að aukin tíðni er ekki endilega til marks um aukið ofbeldi og áreitni heldur einmitt að fleiri börn og ungmenni greini frá slíku, meðal annars í kjölfar fræðslu og umræðu. Því skal sérstaklega horft eftir vísbendingum um fjölda barna og ungmenna sem greina frá ofbeldi

og áreitni. Upplýsingarnar skulu m.a. nýttar til að varpa ljósi á árangur þessarar áætlunar

og til að meta þörf á aukinni þekkingarsköpun. Einnig er tekið fram að horfa þurfi sérstaklega eftir upplýsingum um tíðni og eðli ofbeldis gegn fötluðum börnum og

ungmönnum en það getur tekið á sig aðrar birtingarmyndir en í tilfelli ófatlaðra barna og ungmenna. Ýmislegt bendir til að fötluð börn og ungmenni geti verið líklegri en önnur börn til að verða útsett fyrir ofbeldi og áreitni en að þau fari stundum á mis við forvarnir og fræðslu sem aftur verði til þess að þau eru ólíklegri til að fá viðeigandi aðstoð.

### *F.2. Mat á árangri einstakra aðgerða.*

Forvarnafulltrúi SÍS mun árlega taka saman yfirlit yfir stöðu á mælikvörðum sem fram koma í aðgerðaáætluninni og yfir sín eigin störf og kynna samhæfingarhópi forsætisráðuneytisins, sbr. aðgerð F.3. Við gerð stefnumarkandi landsáætlunar um framkvæmd Istanbúl-samningsins, sbr. framkvæmdaáætlun stjórnvalda í jafnréttismálum fyrir árin 2020–2023, skal taka mið af aðgerðaáætluninni og árangri af framkvæmd hennar.

### *F.3. Eftirfylgni og ábyrgð á framkvæmd.*

Forsætisráðuneytið, í samstarfi við þau ráðuneyti sem aðild eiga að áætluninni, ber ábyrgð á samhæfingu við framkvæmd áætlunarinnar. Gert er ráð fyrir að forsætisráðuneytið kalli a.m.k. árlega saman aðila sem bera ábyrgð á einstökum aðgerðum

og oftast ef þurfa þykir. Þeir aðilar myndi samhæfingarhóp sem verði forvarnafulltrúa til 1094/150 stjórnartillaga: forvarnir gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og árei...

Page 29 of 30

<https://www.althingi.is/altext/150/s/1094.html> 24.4.2020

ráðgjafar og stuðnings, leggi mat á árangur, sbr. aðgerð F.2, og vinni á síðari hluta gildistíma áætlunarinnar drög að nýrri aðgerðaáætlun til fimm ára.

1 Sjá: [www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2e7066ca-4c26-11ea-945c-005056bc4d74](http://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=2e7066ca-4c26-11ea-945c-005056bc4d74)